FRÉTTABLAÐIÐ
261. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 8. NÓVEMBER 2019



Góðgerðadagurinn, Gott mál, var haldinn í Hagaskóla í gær. Dagurinn hefur verið haldinn árlega síðastliðin ellefu ár og er markmiðið með deginum að safna fé til góðgerðarmála. Í ár styrkja nemendur skólans Landvernd og Bjarta sýn. Frá því að dagurinn var haldinn í fyrsta sinn hafa Hagskælingar safnað yfir tuttugu milljónum FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

## Æfir í Mekka langhlaupanna

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Elín Edda Sigurðardóttir er á leið til Kenýa í æfingabúðir þar sem hún mun undirbúa sig fyrir HM en hún nálgast óðfluga tuttugu ára gamalt Íslandsmet þjálfara síns, Mörthu Ernstsdóttur.



Elín Edda Sigurðardóttir.

Lágmarkskröfur Ólympíusambandsins voru nýlega hertar og Elín sér því ekki fram á að komast til Tókýó en hana dreymir um að komast á Ólympíuleika einn daginn. „Ég er á leiðinni til Kenýa í janúar í Mekka langhlaupanna í háfjallabúðir. Ég hlakka mikið til þess að æfa við þær aðstæður sem fremstu langhlauparar sögunnar alast upp við og æfa í.“ – hó

# Huldufélag bætir við sig jörð með veiðirétti í Laxá í Aðaldal

**Félagið Aðaldalur, sem er í eigu eignarhaldsfélagsins Dylan Holding SA, keypti á dögunum jörð með veiðirétti í Laxá í Aðaldal, ókrýndri drottningu íslenskra laxveiðiáa. Síðarnefnda félagið hefur sterk tengsl við breska auðkýfinginn Jim Ratcliffe en talsmaður hans segir félagið ekki í eigu Bretans.**

**VIÐSKIPTI** Félagið Aðaldalur ehf. keypti í lok árs 2009 hluti í þremur jörðum með veiðiréttindi í Laxá í Aðaldal. Um er að ræða jarðirnar Knútsstaði og Straumsnes í Aðaldælahreppi og jörðina Hóla í Laxárdal. Að auki keypti félagið íbúðarhús á jörðinni Lynghóli í Aðaldælahreppi.

Í áratug sýslaði félagið ekki meira með fasteignir allt þar til nú í september þegar félagið keypti hluta jarðarinnar Austurhaga í Aðaldælahreppi. Erfitt er að henda reiður á hve stóra hlutdeild í veiðiréttindum Laxár í Aðaldal félagið Aðaldalur á nú. Samkvæmt óvísindalegu mati sérfræðings sem Fréttablaðið ræddi við er hlutdeildin líklega um 3-5 prósent.

> Jim Ratcliffe er ekki eigandi Dylan Holding SA.
>
> Gísli Ásgeirsson, talsmaður Jims Ratcliffe



Aðaldalur er í eigu félagsins Dylan Holding SA sem skráð er í Lúxemborg. Sá sem hefur verið í forsvari fyrir Dylan Holding SA um veiðiréttindi félagsins er stjórnarformaður þess, fjárfestirinn Jóhannes Kristinsson, sem er þekktur fyrir aðild sína að Fons og Iceland Express á árum áður. Hann hefur verið sagður eigandi félagsins en einnig hefur því verið haldið fram, meðal annars í fréttum Morgunblaðsins og Kjarnans, að raunverulegur eigandi Dylan Holding SA sé Jim Ratcliffe.

Gísli Ásgeirsson, talsmaður Jims Ratcliffe hérlendis, vísar því þó alfarið á bug að breski auðkýfingurinn ætli að seilast til áhrifa í Laxá í Aðaldal. „Jim Ratcliffe er ekki eigandi Dylan Holding SA,“ segir Gísli. – bth / sjá síðu 6



## Veður



Suðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og dálítil. Frostlaust að deginum við suður- og vesturströndina, annars frost 0 til 10 stig. Hiti 0 til 5 stig sunnan- og vestan til. SJÁ SÍÐU 18

# Fyrsta verkfallið síðan 1978

**KJARAMÁL** „Þetta eru auðvitað blendnar tilfinningar og eitthvað sem maður hefur engan sérstakan áhuga á að fara í en blaðamenn verða auðvitað að standa með sjálfum sér. Það liggur alveg fyrir að laun þeirra eru ömurleg,“ segir Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands (BÍ).

Í dag hefst fyrsta verkfall blaðamanna síðan 1978 en það nær til Fréttablaðsins, Morgunblaðsins, Sýnar og RÚV. Klukkan 10 leggja ljósmyndarar, myndatökumenn og fréttamenn á vefmiðlum þessara miðla sem eru í BÍ niður störf í fjórar klukkustundir.

**»» Í dag hefst fyrsta verkfall blaðamanna síðan árið 1978.**

Náist ekki samningar munu sömu hópar leggja niður störf næstu tvo föstudaga, fyrst í átta tíma og svo í tólf tíma. Hafi enn ekki verið samið munu blaðamenn á prentmiðlum leggja niður störf fimmtudaginn 28. nóvember.

Engir formlegir samningafundir hafa verið boðaðir milli Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins (SA) sem fer með samningsumboð miðlanna fjögurra. Hjálmar segist hafa átt í óformlegum samræðum við SA en ekkert hafi komið út úr þeim.

Samningur náðist í gær milli Blaðamannafélagsins og Útgáfufélags Stundarinnar sem er í aðalatriðum samhljóma þeim samningum sem hafa verið gerðir við Birting og Kjarnann. **– sar**

*Blaðamenn og ljósmyndarar á ritstjórn Fréttablaðsins eru félagar í Blaðamannafélaginu.*

## Gengið milli gámanna



**Þessi drengur virtist njóta dagsins áhyggjulaus á leið sinni um Hafnarfjörð í gær. Fallegt veður var í höfuðborginni og búast má við svipuðu veðri í dag , hita á bilinu 0-5 stig. Sólsetur í Reykjavík verður klukkan ellefu mínútum fyrir fimm og tunglið rís sautján mínútum síðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kári Stefánsson verðlaunaður

**VÍSINDI** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, fékk í gær afhent hin alþjóðlegu KFJ-verðlaun sem veitt eru af Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. Í tilkynningu frá Ríkisspítalanum segir að Kári og teymi hans hjá deCODE hafi gegnt lykilhlutverki í vinnu spítalans við þróun einstaklingsbundinna lyfja.

Henrik Ullum, prófessor í ónæmisfræðum við spítalann, var einn þeirra sem tilnefndu Kára til verðlaunanna. „Það þarf bara að horfa á yfirlit yfir þær vísindagreinar sem Kári hefur skrifað til að átta þig á hversu mikill brautryðjandi hann hefur verið á sviði erfðavísinda,“ er haft eftir Ullum.

Samstarf deCODE og spítalans hefur leitt til fjölmargra rannsóknarverkefna. Fyrirtækið hefur meðal annars greint sýni 200 þúsund sjúklinga úr lífsýnabanka spítalans auk 110 þúsund sýna úr Dönsku blóðgjafarannsókninni. **– sar**

# Friðarsúlan ekki skökk

**Kostnaður við Friðarsúlu Yoko Ono nemur 5,8 milljónum í ár. Fimm manna teymi stillir súluna af á hverju ári og er vandasamt að stilla ljósgeislan beinan.**

**REYKJAVÍK** Kostnaður við Friðarsúlu Yoko Ono í ár nemur um 5,8 milljónum króna. Það þykir frekar mikið enda hefur heildarkostnaður við verkið, síðan það var vígt árið 2007 til ársins 2018, numið rúmlega 40 milljónum króna.

Hinn hái kostnaður orsakast af því að setja þurfti upp nýja spegla í verkinu sem mun gera súluna enn bjartari og fallegri en fyrr að sögn Sigurðar Trausta Traustasonar, deildarstjóra safneigna og rannsókna hjá Listasafni Reykjavíkur.

Friðarsúlan er langflóknasta útilistaverk höfuðborgarinnar og því fer fjarri að bara sé kveikt á ljósrofa þann 9. október ár hvert þegar kveikt er á súlunni með viðhöfn. „Á hverju ári fer hópur út í Viðey til að stilla ljóssúluna af. Það eru níu kastarar sem mynda súluna og þeir þurfa að vera beinir,“ segir Sigurður Trausti. Þetta er framkvæmt þannig að fimm manna teymi fer út í eyju.

Einn starfsmaður fær það hlutverk að kveikja á fyrsta kastaranum og hinir fjórir leggja síðan mat á hvort ljósgeislinn sé beinn eða ekki. „Þetta er hægara sagt en gert þar sem verkið stendur á berangri og ekkert til að miða við. Það er sambærilegt stærra verk í New York, þar sem Tvíburaturnarnir stóðu áður, og þar hafa þeir öll þessu beinu háhýsi til að miða sig við,“ segir Sigurður Trausti. Hann bætir því við að iðulega sé einhver kunningi til taks á höfuðborgarsvæðinu sem hægt er að hringja í og fá álit á því hvort geislinn sé beinn.

Að hans mati hefur nokkuð vel tekist til í gegnum árin við að hafa súluna beina. „Það þurfti ekkert að stilla hana af í ár þegar við kveiktum á súlunni. Það hefur einu sinni komið fyrir að við töldum okkur hafa klárað verkefnið en þegar við vorum komnir í smá fjarlægð sáum við að geislinn var aðeins skakkur. Þá var klukkan bara orðin of margt þannig að við þurftum að fara aftur út í eyju daginn eftir og laga verkið,“ segir Sigurður Trausti kíminn.

Hróður Friðarsúlunnar eykst ár frá ári og má með sanni segja að listaverkið sé að verða eitt af einkennistáknum höfuðborgarinnar. Sigurður Trausti segir starfsfólk Listasafns Reykjavíkur tvímælalaust verða vart við þennan áhuga. „Í ár voru tæplega 1.800 manns sem nýttu sér boð Yoko Ono um ókeypis siglingu út í Viðey til þess að verða vitni að tendrun súlunnar. Það er mesti fjöldi sem hefur mætt á þennan viðburð,“ segir Sigurður Trausti.

gar@frettabladid.is
bjornth@frettabladid.is



**Frá tendrun Friðarsúlunnar í síðasta mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Þetta er hægara sagt en gert þar sem verkið stendur á berangri og ekkert til að miða við.**



Sigurður Trausti Traustason, deildastjóri safneigna og rannsókna hjá Listasafni Íslands






GEYSIR: Skólavörðustígur 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti 98, Akureyri og Haukadalur. HEIMA: Skólavörðustígur 12, Reykjavík. Geysir.com

## FRÉTTABLAÐIÐ
### Af vefnum



**Kolbrún Baldursdóttir**
sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins

## Láttu mig vera

Í dag 8. nóvember er hinn árlegi Dagur gegn einelti og kynferðisofbeldi í öllum aldurshópum. Í tilefni dagsins er vert að staldra við og skoða hvar við erum stödd með þessi erfiðu, viðkvæmu mál. Þessi grein fjallar um aðgerðir gegn einelti meðal barna. Enda þótt margt hafi áunnist í eineltismálum, forvörnum og viðbrögðum við þeim er enn einelti í skólum, íþróttum og tómstundum barna.

**Einelti meðal barna má ekki ná fótfestu, hvað þá þrífast.**

Lestu greinina í heild á frettabladid.is/skodun

## Rökræða um stjórnarskrá

**SAMFÉLAG** Um 300 manns af öllu landinu munu um helgina taka þátt í rökræðukönnun um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Er þetta liður í samráði við almenning um endurskoðunina.

**Þátttakendum verður skipt í hópa og verða viðfangsefnin rædd út frá rökum með og á móti.**

Rökræðukönnunin sem fram fer í Laugardalshöll mun taka fyrir nokkur afmörkuð atriði stjórnarskrárinnar. Rætt verður um forsetaembættið, þjóðaratkvæðagreiðslur, breytingar á stjórnarskrá, skipan kjördæma, atkvæðavægi og fleira.

Framkvæmdin verður þannig að þátttakendum verður skipt í hópa og verða viðfangsefnin rædd út frá rökum með og á móti tillögum. Svo mun þátttakendum gefast tækifæri til að eiga samtal við sérfræðinga.

Í upphafi og við lok fundar verður gerð viðhorfskönnun og athugað hvort breytingar hafi orðið á viðhorfum fólks. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annast framkvæmd könnunarinnar. – **sar**

# Engin áform um að hækka Seðlabanka um tvær hæðir

**STJÓRNSÝSLA** Seðlabankastjóri telur ekki tímabært að ráðast í byggingu tveggja hæða ofan á núverandi höfuðstöðvar Seðlabankans.

Morgunblaðið greindi frá því í byrjun vikunnar að framkvæmdirnar væru áformaðar en seðlabankastjóri vísar því á bug. Aðeins hafi verið kannað hvort möguleikinn væri fyrir hendi.

„Áður en ég settist í stól seðlabankastjóra hafði Seðlabankinn látið kanna afstöðu borgaryfirvalda til mögulegrar hækkunar á húsnæði bankans ef á þyrfti að halda. Ég tel mjög gott að vita hvort þessi möguleiki stendur raunverulega til boða en tel sjálfur að það sé ekki tímabært að ráðast í slíka framkvæmd,“ segir Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.



**Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri**

Hann bendir á að höfuðstöðvarnar séu komnar til ára sinna og vænlegra sé að setja endurbætur á húsinu í forgang frekar en nýbyggingu. Þá sé mikilvægt að nýta betur það rými sem er til staðar.

Hugmyndirnar um nýju hæðirnar tvær komu ekki síst til vegna þess að um næstu áramót munu Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið sameinast. Að sögn seðlabankastjóra gengur undirbúningurinn vel. Fyrst um sinn verði starfsemi Fjármálaeftirlitsins í Borgartúni en ráðgert er að starfsemin muni öll verða í húsnæði Seðlabankans.

„Húsnæði Seðlabankans ætti vel að geta rúmað starfsfólk beggja stofnana,“ segir Ásgeir. – **þþ**

# Fá rítalín eða Contalgin í skiptum fyrir að taka lyfin sín

**Hópur langt leiddra fíkla með alvarlega smitsjúkdóma fær að gera samning um að fá töflu af Ritalin Uno eða Contalgin í skiptum fyrir að taka veirulyfin sín. Borgarfulltrúi og sóttvarnalæknir ósammála um fyrirkomulagið.**



**Dæmi eru um að sjúklingar fái lyfin afhent í gistiskýlinu við Lindargötu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**HEILBRIGÐISMÁL** Hópur langt leiddra vímuefnaneytenda með alvarlega smitsjúkdóma fær úthlutað Ritalin Uno eða Contalgin í skiptum fyrir að taka lyfin sín. Markmiðið er að draga úr útbreiðslu HIV og lifrarbólgu C meðal vímuefnaneytenda. Starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sjá um að koma lyfjunum til einstaklinganna.

Már Kristjánsson, yfirlæknir smitsjúkdómalækninga á Landspítalanum, segir að um sé að ræða fimm til sex einstaklinga. „Til þess að ná árangri þá gerum við samning við þessa einstaklinga. Við skoðum sjúkrasögu þeirra og ef það er læknisfræðileg ástæða til að ávísa ávanabindandi lyfjum þá gerum við samning við þá. Þá ávísum við ýmist sterku verkjalyfi eða örvandi lyfi í einni töflu gegn því að þeir taki HIV-lyf eða lyf við lifrarbólgu C,“ segir Már. Oftast er það heimilislæknir sem ávísar lyfinu.

Verkefnið hefur staðið yfir í rúmt ár og gefið góða raun. „Okkur hefur tekist að halda þessum einstaklingum, sem hafa engin önnur úrræði, veirufríum,“ segir Már. Vill hann að verkefnið verði eflt. „Oftast nær þarf ekki að grípa til þessa. Það er fullt af fíklum sem þrátt fyrir sína neyslu geta sinnt sinni meðferð, en það er smá kjarni sem er svo langt leiddur að þeir geta ekki komið og er ekki treystandi fyrir lyfjunum.“

**Ég skil læknana mjög vel, þeir eru í erfiðri stöðu með þau úrræði sem eru í boði. Það sem við þurfum er meðferðarfangelsi.**



Baldur Borgþórsson, varaborgarfulltrúi Miðflokksins

Baldur Borgþórsson, varaborgarfulltrúi Miðflokksins, hefur vakið athygli á málinu að undanförnu. „Úrræðaleysið hefur orðið til þess að okkar verst stöddu fíklar kúga út úr kerfinu kolólögleg lyf,“ segir Baldur „Þeir fá sterk lyfseðilsskyld lyf, sem þeir mylja. Þeir fá svo afhentan búnað, sprautur, nálar, teygjur til að binda um handlegginn, bolla til að malla efnin í og svo fá þeir baðaðstöðuna á Lindargötu til að nota sem neyslurými.“

Hrafnhildur Ólafsdóttir, deildarstjóri hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, tekur undir með Má að það þurfi að efla starfið. Tekur hún fram að það sé aldrei starfsmaður gistiskýlisins sem útdeili lyfjunum, heldur starfsmaður vettvangs- og ráðgjafateymis borgarinnar. „Það er alltaf hjúkrunarfræðingur sem sér um lyfjagjöf,“ segir Hrafnhildur.

Baldur segir einstaklingana hafa hótað að smita aðra ef þeir fá ekki stærri skammta. „Það eru dæmi um að þeir hafi hótað að dreifa blóðugum nálum á leikskólalóðum.“

Már segir að ekki sé um að ræða stóra skammta og það sé ekki hægt að semja um þá. „Neysla þessa fólks er miklu meiri en sem nemur þessu, það vitum við. Þetta er nægilega góður díll fyrir þessa einstaklinga til að þeir láti sig hafa þetta og taki veirulyfin, það er það sem skiptir máli.“

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir sitt embætti ekki eiga aðkomu að þessu, en hann viti af ýmsum brögðum sem læknar beiti til að meðhöndla sjúklinga. „Þeir sem eru að meðhöndla einstaklinga sem eru með mjög alvarlega og smitandi sjúkdóma eru með alls konar tilfæringar til að ná fram samvinnu og veita fólki meðferð við smitsjúkdómum,“ segir hann. „Það eru mjög erfiðir einstaklingar þarna úti sem er erfitt að eiga við, þá þurfa menn að beita alls konar ráðum.“ Hann fagnar því að læknar geti sýnt sveigjanleika. „Þessi skaðaminnkandi úrræði eru einmitt til þess að auðvelda samstarf við þennan hóp.“ **arib@frettabladid.is**







ALLGRIP AUTO

- Allgrip auto fjórhjóladrifskerfi
- 18 cm undir lægsta punkt
- Sparneytin og öflug 1,2L Dualjet vél
- Einnig fáanlegur með Mild Hybrid tvinnaflrásarvél
- 4,7 m beygjuradíus

Suzuki Ignis er valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt að utan sem innan.

***Það er alltaf Suzuki veður!***

Suzuki á Íslandi

- Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

## Sjö prósent eru utan trúfélaga


Nú eru rúmlega 231 þúsund manns í þjóðkirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SAMFÉLAG** Á tímabilinu 1. desember 2018 til 1. nóvember 2019 fækkaði um 1.243 einstaklinga í þjóðkirkjunni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Þjóðskrá. Næstmesta fækkunin varð hjá zúistum en þeim fækkaði um 248 á tímabilinu.

Þeim sem standa utan trú- og lífsskoðunarfélaga fjölgaði um 1.022. Þá fjölgaði um 602 í kaþólsku kirkjunni og 526 í Siðmennt. Einnig varð fjölgun í Ásatrúarfélaginu en þar fjölgaði um 255 og um 214 í Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Þann 1. nóvember síðastliðinn voru 231.429 skráðir í þjóðkirkjuna sem er langstærsta trúfélag landsins. Alls voru tæplega 26 þúsund manns utan trú- og lífsskoðunarfélaga eða um sjö prósent landsmanna.

Nýtt trú- og lífsskoðunarfélag, Demantsleið búddismans, var skráð í októbermánuði og er það fimmtugasta skráða félagið. **– sar**

## Undirbúa aðskilnað ríkis og kirkju

**ALÞINGI** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hyggst á næsta ári setja af stað undirbúningsvinnu vegna aðskilnaðar ríkis og kirkju. RÚV greinir frá.

Í september var undirritaður samningur um fjárhagsleg málefni ríkisins og þjóðkirkjunnar sem felur í sér aukið fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar. Áslaug Arna segir samninginn hafa verið stórt skref í aðskilnaði ríkis og kirkju og að sú vinna sem fram undan er hafi aðskilnað að markmiði.


Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Meirihluti þingflokkanna er hlynntur aðskilnaði og segir ráðherra aukna kröfu í íslensku samfélagi um sjálfstæði trú- og lífsskoðunarfélaga.

Þingsályktunartillaga er nú til meðferðar á Alþingi um fullan aðskilnað ríkis og kirkju en dómsmálaráðherra hefur ekki viljað tjá sig um afstöðu sína til málsins.

Líkt og greint var frá á frettabladid.is í vikunni kemur fram í umsögn biskups Íslands við tillögunni að biskup telji þjóðkirkjuna ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að sinna hlutverki sínu vegna þess hve stór hluti af eignasafni kirkjunnar hafi verið afhentur ríkinu. **– bdj**




# Segir Ratcliffe ekki ásælast Laxá í Aðaldal

**Talsmaður breska auðkýfingsins Jims Ratcliffe segir ekkert til í því að hann ætli sér að eignast veiðiréttindi í Laxá í Aðaldal. Hann sé ekki eigandi félagsins Dylan Holding sem hafi eignast félag sem eigi jarðir með veiðirétt í ánni.**

**VIÐSKIPTI** Gísli Ásgeirsson, talsmaður Jims Ratcliffe hérlendis, vísar því alfarið á bug að breski auðkýfingurinn ætli að seilast til áhrifa í Laxá í Aðaldal. „Jim Ratcliffe er ekki eigandi Dylan Holding SA,“ segir Gísli og leggur þunga áherslu á að Ratcliffe ætli að einbeita sér að þeim svæðum sem hann hefur þegar fjárfest í. Engin áform séu um að eignast veiðiréttindi í Laxá í Aðaldal.

Jim Ratcliffe hefur í íslenskum fjölmiðlum verið tengdur við félagið Dylan Holding SA. Fjárfestirinn Jóhannes Kristinsson er stjórnarformaður félagsins og hefur verið í forsvari fyrir veiðiréttindi þess. Jóhannes var á árum áður tengdur félögum eins og Fons og Iceland Express. Hann hefur verið sagður eigandi félagsins en einnig hefur því verið haldið fram, meðal annars í fréttum Morgunblaðsins og Kjarnans, að raunverulegur eigandi Dylan Holding SA sé Jim Ratcliffe.

Viðskipti Jóhannesar með jarðir hafa verið nátengd viðskiptum auðkýfingsins Jims Ratcliffe. Þannig fjárfestu þeir báðir í gríð og erg í hlunnindajörðum á Norðausturlandi, sérstaklega í Vopnafirði og Þistilfirði. Jarðakaup Jóhannesar fóru fram í gegnum nokkur eignarhaldsfélög og var greint frá því á dögunum að hann hefði selt fimm þessara félaga til félaga í eigu Jims Ratcliffe.

Aðspurður hvers vegna fréttir um eign hans í Dylan Holding SA hafi ekki verið bornar til baka segir Gísli: „Við höfum ekki séð ástæðu til að eltast við það en við svörum þegar við erum spurðir.“

Í ágúst síðastliðnum var kynnt samkomulag Ratcliffes og Hafrannsóknastofnunar um rannsóknaráætlun til verndar íslenska laxastofninum. Rannsóknin sem er fjármögnuð af Ratcliffe verður unnin í samstarfi við Imperial College í London.

Er áætlunin hluti af sjálfbærri langtímaverndaráætlun sem miði að því að laxveiðar á Íslandi verði áfram þær bestu og sjálfbærustu í heimi.

Jarðakaup Ratcliffes hafa verið töluvert til umræðu að undanförnu en talið er að hann eða félög í hans eigu hafi á síðustu árum eignast öllu eða verulegu leyti um 40 jarðir á Íslandi. **bjornth@frettabladid.is**


Gísli segir Ratcliffe ekki seilast til áhrifa í Laxá í Aðaldal. NORDICPHOTOS/GETTY

## Íbúar hafa fundað um framkvæmdir

**REYKJAVÍK** Grenndarkynning vegna framkvæmda við frárein á Bústaðavegi þar sem ekið er inn á Kringlumýrarbraut til suðurs er nú hafin. Íbúar hafa frest til 2. desember næstkomandi til að gera athugasemdir við framkvæmdirnar sem voru þegar hafnar þegar framkvæmdaleyfið var afturkallað.

Það gerðist í kjölfar kæru íbúa í Birkihlíð en úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi að grenndarkynning hefði átt að fara fram áður en leyfið var gefið út. Harri Ormarsson, lögfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði, býst við að reynt verði að hraða málinu eins og kostur er.


Íbúar eru ósáttir við að umferð færist nær húsum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Umhverfis- og skipulagsráð mun fjalla um þær athugasemdir sem berast og gæti það ferli mögulega tekið tvær til þrjár vikur til viðbótar. Á fundi ráðsins í fyrradag lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram fyrirspurn og óskað er upplýsinga um hvers vegna framkvæmdaleyfi hafi verið veitt án þess að grenndarkynning færi fram. Enn fremur óska þeir eftir upplýsingum um það hvernig borgin muni bregðast við stöðunni sem upp er komin.

Viðar Friðriksson, íbúi í Birkihlíð, var einn þeirra sem kærðu borgina til úrskurðarnefndarinnar. Hann segir að íbúar hafi þegar hist á fundi til að fara yfir málið. „Við reiknum með að það verði hlustað á okkar sjónarmið. Það er nú verið að vinna úr þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum,“ segir Viðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni verða gátskildir, eða varúðarmerki, sem sett hafa verið upp meðfram nyrðri frárein þar áfram þangað til nýtt framkvæmdaleyfi liggur fyrir. **– sar**


Íslandsbanki
Ánægðustu viðskiptavinirnir
Komdu í hópinn. Viðskiptavinir Íslandsbanka eru þeir ánægðustu í bankaþjónustu, sjötta árið í röð, samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2018.
Skráðu þig í viðskipti strax í dag á islandsbanki.is






250 manns hafa látið lífið í átökum mótmælenda og öryggissveita í Írak. Mótmælin hafa staðið yfir í rúman mánuð eða frá 1. október síðastliðnum. Fjórir voru skotnir til bana í vikunni og 35 manns eru særðir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mótmæli hafa staðið yfir í rúman mánuð

**Fjórir létust og 35 slösuðust í átökum mótmælenda og öryggissveita í Írak. Mótmæli hafa staðið yfir í mánuð og yfir 250 hafa manns látið lífið. Stjórnvöld hafa reynt ýmsar leiðir, meðal annars að loka á aðgang að interneti.**

**ÍRAK** Íraskar öryggissveitir skutu í það minnsta fjóra mótmælendur til bana og 35 særðust í átökum sem brutust út í nágrenni Shuhada-brúarinnar í Bagdad, höfuðborg Íraks, í vikunni. Þá kveiktu tugir mótmælenda í hjólbörðum umhverfis Umm Qasr-hafnarsvæðið og hindruðu þannig að flutningabílar kæmust inn á hafnarsvæðið með lífsnauðsynleg gögn fyrir íbúa landsins, svo sem matvæli. Reuters greinir frá.

Blóðug mótmæli sem beinast gegn stjórnvöldum í Bagdad og fleiri borgum í suðurhluta Íraks hafa staðið yfir í landinu í rúman mánuð og að sögn írösku lögreglunnar virðist ekkert lát vera á mótmælunum. Rúmlega 250 mótmælendur hafa látið lífið síðan 1. október.

Mótmælin hófust eftir að grasrótarhreyfingar ungra Íraka settu fram kröfur um að ráðist yrði í aðgerðir til að skapa þeim atvinnutækifæri og að spilling í landinu yrði upprætt.

Stjórnvöld í Írak hafa reynt ýmsar leiðir til að róa mótmælendur en ekkert virðist ganga. Ríkjandi stjórn landsins hefur aldrei áður í valdatíð sinni staðið frammi fyrir slíkri áskorun en ró hefur verið yfir landinu eftir ósigur Íslamska ríkisins árið 2017. Öryggisgæsla er betri en verið hefur um árabil, en á sama tíma ríkir hömlulaus spilling í landinu, innviðir hafa ekki verið endurbyggðir og atvinnuleysi er mikið.

Ein leið sem stjórnvöld hafa beitt til að reyna að stöðva mótmælin var að slökkva á internetinu í landinu en það hefur ekki skilað tilsettum árangri. Lokun internetsins hefur hins vegar teygt anga sína inn í bæði einkarekin fyrirtæki og bankakerfi landsins sem hafa þannig tapað stórum fjárhæðum.

Áætla má að samanlagt tap banka, fjarskiptafyrirtækja, ferðaþjónustu og bókunarskrifstofa íraskra flugfélaga sé um 40 milljónir Bandaríkjadala á hverjum degi, sem þýðir tap upp á einn og hálfan milljarð Bandaríkjadala á þeim rúma mánuði sem mótmælin hafa staðið yfir.

Stjórnvöld hafa gefið það út að umræður um að ganga að kröfum mótmælenda standi yfir en ekki hafa enn komið fram tillögur sem mæta kröfum þeirra.

Gagnrýnisraddir hafa heyrst úr hópi mótmælenda um að nú sé of seint að mæta kröfum þeirra um aukinn jöfnuð, fleiri störf og upprætingu spillingar. Sömu raddir hafa sett fram auknar kröfur um breytt vinnulag ríkisstofnana ásamt breyttu kosninga- og stjórnkerfi. **birnadrofn@frettabladid.is**

# Endurmeta þurfi tilgang NATO

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron Frakklandsforseti segir að framganga Bandaríkjanna að undanförnu hafi gert það að verkum að Atlantshafsbandalagið sé í raun „heiladautt“. Bandaríkin hafi ávallt verið burðarstólpinn í varnarsamstarfinu en þeir séu hættir að líta á veru í NATO sem skuldbindingu.

„Það sem við erum að horfa upp á er heiladauði NATO,“ sagði Macron við tímaritið The Economist. Vísaði hann meðal annars til einhliða ákvörðunar Bandaríkjanna um að yfirgefa Sýrland. NATO fagnar 70 ára afmæli sínu á fundi í Lundúnum í desember. Hefur NATO gefið út í tilefni af ummælum Macron að samband NATO-ríkjanna sé sterkt.

Fimmta grein stofnsáttmála NATO kveður á um að árás á eitt ríki jafngildi árás á þau öll. Macron sagðist ekki vita hvort fimmta greinin væri í gildi. „Ég veit það ekki,“ sagði Macron. Bandalagið myndi aðeins virka ef Bandaríkin væru í því af heilum hug. „Ég segi að við þurfum að endurmeta tilgang NATO í ljósi skuldbindingar Bandaríkjanna.“

Hvetur hann Evrópu til að standa saman og líta á sig sem stórveldi, aðeins þannig geti Evrópa haft stjórn á örlögum sínum. – **ab**




Macron, Frakklandsforseti sagði NATO „heiladautt“. NORDICPHOTOS/GETTY

» Fimmta grein stofnsáttmála NATO kveður á um að árás á eitt ríki jafngildi árás á þau öll.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

+PLÚS



# Gott mál í Hagaskóla

Góðgerðadagur Hagaskóla, Gott mál, fór fram í húsnæði skólans í gær. Nemendur skólans lögðust á eitt og buðu upp á ýmsar uppákomur til styrktar Bjartri sýn og Landvernd. Fjöldi fólks lagði leið sína í skólann og var stuð og stemning í húsinu.










NISSAN INTELLIGENT MOBILITY
NISSAN
Innovation that excites
NOKKRIR NISSAN LEAF Á EINSTÖKU VERÐI
NISSAN
LEAF
VIÐ BJÓÐUM NOKKRA NISSAN LEAF Í TEKNA LÚXUS ÚTFÆRSLU Á SÉRSTÖKU VERÐI FRAM AÐ JÓLUM
100% rafdrifinn Nissan Leaf er vinsælasti rafbíll landsins og sá mest seldi í heiminum. Leaf er með 40 kWh rafhlöðu sem dregur allt að 270 km*. Nissan Leaf er hlaðinn tækninýjungum á borð við e-Pedal sem auðveldar hemlun og endurnýtir orku.
TILBOÐSVERÐ: 4.590.000 kr.
Fullt verð: 4.890.000 kr.
5 ÁRA ÁBYRGÐ 120.000 KM
*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunverulegum aðstæðum.
ENNEMM / SÍA / NM96695
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Klúður



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þetta hefur gengið vonum framar. Í fyrsta sinn í lýðveldissögunni erum við að upplifa niðursveiflu, sem var viðbúin óháð falli WOW, án þess að Seðlabankinn skerði kjör heimila með vaxtahækkunum til að bregðast við gengisfalli og í kjölfarið aukinni verðbólgu. Margt kemur til. Engin ástæða er til að gera lítið úr bættum árangri við framkvæmd peningastefnunnar en vel útfærð áætlun við afnám hafta, þar sem kröfuhafar framseldu innlendar eignir að jafnvirði meira en 500 milljarða endurgjaldslaust til ríkisins, og uppgangur ferðaþjónustunnar, stærstu gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar landsins, hafa hins vegar ráðið meiru um að Ísland er orðið að lánveitanda við útlönd og með yfir 800 milljarða gjaldeyrisforða. Á þeim sterka grunni, eftir að tókst að semja um skaplega kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, hefur verið hægt að lækka vexti, samanlagt um 1,5 prósentur frá því í vor, og á sama tíma að viðhalda gengi krónunnar stöðugu.

Það er samt lítið mál að klúðra þessu. Sterkt raungengi og hár launakostnaður þýðir að rekstrarumhverfi fyrirtækja er erfitt. Ólíkt því sem við erum vön verður samkeppnishæfnin í þetta sinn ekki endurreist með gengisveikingu heldur verður að horfa til leiða sem miða að því að auka framleiðni. Eigi það að takast þurfa Íslendingar að horfast í augu við þann veruleika, sem hefur sögulega séð reynst erfitt, að vinnumarkaðurinn taki mið af launaþróuninni í Evrópu, eins og Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri nefndi á Peningamálafundi Viðskiptaráðs í gær. „Ef okkur dettur í hug að hækka laun hér meira – leiðrétt fyrir framleiðni – en í Þýskalandi,“ útskýrði Ásgeir, „þá mun það koma niður á okkur.“ Það skýtur því skökku við að nú ætli opinberir starfsmenn að láta á það reyna að sækja meiri kjarabætur en um var samið á almennum vinnumarkaði. Við vitum hvernig það mun enda og þá mun peningastefnan koma að litlu gagni.

Ísland er í öfundsverðri stöðu. Ólíkt mörgum Evrópuríkjum sem eru með neikvæða raunvexti vegna veikleika í hagkerfinu eru vaxtalækkanir Seðlabankans til marks um aðlögunarhæfni og sterka stöðu þjóðarbúsins sem birtist okkur í viðskiptaafgangi, háu sparnaðarstigi og lágum skuldum ríkisins. Það er fátt sem mælir með því, nú þegar Ísland er í niðursveiflu og fjárfesting fer minnkandi, að raunvextir hér séu hærri en í öðrum OECD-ríkjum. Seðlabankinn er á öðru máli en þrátt fyrir lækkun vaxta um 0,25 prósentur í vikunni kom fram í máli seðlabankastjóra og aðalhagfræðings að ekki væri að vænta frekari vaxtalækkana gangi spár bankans eftir. Raunvextir munu því lítið lækka, sem er á skjön við skilaboð aðstoðarseðlabankastjóra örfáum mánuðum áður, enda þótt efnahagshorfurnar hafi versnað. Það er ekki væntingastjórnun sem telst til eftirbreytni.

Viðbrögð fjárfesta á skuldabréfamarkaði hafa verið fyrirsjáanleg. Ávöxtunarkrafan hefur hækkað umtalsvert, bæði á ríkisskuldabréf og sértryggð skuldabréf bankanna, með þeim afleiðingum að nú má búast við því að fastir vextir íbúðalána bankanna taki að hækka á ný og hið sama á við um þau vaxtakjör sem fyrirtækjum bjóðast sem hafa nú áform um að leita sér fjármögnunar á skuldabréfamarkaði. Það er tæplega niðurstaða sem seðlabankastjóri vonaðist eftir.

**Ólíkt því sem við erum vön verður samkeppnishæfni atvinnulífsins í þetta sinn ekki endurreist með gengisveikingu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Rökræður**

**Liður í samráði við almenning um endurskoðun stjórnarskrárinnar er rökræðukönnun sem fram fer um helgina. Þetta er göfug hugmynd sem gengur út á að fólk rökræði um einstaka þætti stjórnarskrárinnar. Kanna á sérstaklega hvort viðhorf fólks breytist við það að ræða hlutina og hlusta á rök og mótrök. Það verður eiginlega að teljast aðdáunarverð bjartsýni að ætla að koma 300 Íslendingum á sama stað til að hlusta á rök annarra. Það er ekki beint íslenski hátturinn að rökræða við þá sem kunna að vera á annarri skoðun en maður sjálfur og segja svo í lokin: „Já, þetta er rétt hjá þér. Þú hefur með rökum þínum fengið mig til að skipta um skoðun.“ En einhvern tímann er allt fyrst.**

**20. október**

**Þann 20. október 2012 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Mikill meirihluti vildi leggja tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá. Afgerandi meirihluti vildi að náttúruauðlindir sem ekki væru í einkaeigu yrðu lýstar þjóðareign. Þjóðin vildi líka persónukjör til Alþingis í meiri mæli, jafnt vægi atkvæða og að tiltekið hlutfall kjósenda gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Það hljóta allir að bíða spenntir eftir niðurstöðum helgarinnar.**

sighvatur@frettabladid.is

# Bókasöfn á tímum netsins



Hjálmar Sveinsson
formaður menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs

Hvernig væri það að geta endurnýjað ökuskírteini eða vegabréf um leið og maður fær bók í bókasafninu, fer á upplestur eða fær sér kaffi og leyfir krökkunum að leika lausum hala í fallegum leikrýmum á meðan? Það er hægt í Árósum sem er álíka stór borg og höfuðborgarsvæðið hér heima. Slík borgaraþjónusta er líka veitt í nokkrum hverfabókasöfnum. Af hverju þurfa Reykvíkingar að fara til sýslumanns í Kópavogi til að fá sjálfsagða þjónustu. Er einhver knýjandi ástæða til að hafa fyrirkomulagið eins og það er? Flókið, tímafrekt, óvistvænt.

Á okkar miklu nettímum ganga bókasöfn í endurnýjun lífdaganna. Borgir á Norðurlöndum hafa tekið forystu í þeim efnum. Talað er um „nýja norræna bókasafnið“. Gott dæmi um það er DOKK1, bókasafn, þjónustu- og menningarmiðstöð í Árósum, byggð niður við höfn á vannýttu iðnaðarsvæði. Innanbæjarlest keyrir inn í húsið á jarðhæð. Dokkin dregur til sín mikinn fjölda borgarbúa á hverju ári – og gesti frá öðrum borgum í Evrópu, meðal annars Reykjavík, sem kynna sér starfsemina.

Í Helsinki var opnað nýtt höfuðbókasafn og menningarmiðstöð fyrir skemmstu sem kallast Oodi og hefur vakið heimsathygli. Niður við höfn í Ósló verður á næstunni opnað glæsilegt aðalbókasafn með fyrirlestrasölum, vinnustofum, veitingum og auðvitað fullt af bókum. Nokkrum hverfabókasöfnum hefur verið breytt í ævintýraheim, samkomustað og auðvitað lestrar- og vinnustað. Aðsókn hefur tvöfaldast.

Nokkur ár eru síðan farið var að vinna í svipuðum anda í Reykjavík. Á næsta ári verður opnað bókasafn í Úlfarsárdal sem tengist menningarmiðstöð, skóla og sundlaug. Það gæti orðið ævintýralegur staður. Eigum við að taka skrefið alla leið og flétta borgaraþjónustunni inn í bókasöfnin eins og gert er í Árósum? Hvernig getum við bætt þjónustu og aðstöðu fyrir fjölskyldur og börn, fyrir fólk að hittast og læra saman í bókasöfnunum? Hvernig getum við gert Grófarhúsið að spennandi stað sem dregur til sín fullt af fólki? Ný stefna sem nú er unnið að fyrir Borgarbókasafnið vísar okkur vonandi veginn.

**Af hverju þurfa Reykvíkingar að fara til sýslumanns í Kópavogi til að fá sjálfsagða þjónustu? Er einhver knýjandi ástæða til að hafa fyrirkomulagið eins og það er?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*,
**MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# 5 tímar á dag

Í DAG
Þórlindur Kjartansson



Hafið þið heyrt yfirmanninn í opinberu stofnuninni sem fékk fyrirspurn um hversu margir störfuðu hjá honum? „Um það bil helmingurinn,“ var svarið sem flestum þótti fyndið í fyrsta skiptið sem þeir heyrðu brandarann.

Það er líklega eitt verst geymda leyndarmálið í nútímavinnu að mjög stóran hluta þess tíma sem fólk situr við vinnu er afskaplega lítið að gerast. Sumt af þeirri tímasóun er sakleysislegt. Það er til dæmis ekki mjög skaðlegt að starfsmaður sitji og leggi kapal í tölvunni sinni nokkra klukkutíma á dag, uppfæri fantasíuliðið fyrir næstu helgi, lesi tilgangslausar fréttir af ástalífi áhrifavalda á samfélagsmiðlum eða stari einfaldlega út í loftið. Mun skaðlegri eru starfsmenn sem reyna að fylla upp í tómarúm tilgangsleysisins með því að búa til tímafrek verkefni fyrir aðra starfsmenn, til dæmis með stöðugu flóði fyrirspurna í tölvupóstum, ádrepum á Slack-rásum eða sífelldum fundahöldum um hvernig tryggja megi að fundarmenning fyrirtækisins stuðli að hámarksnýtingu á mannauðinum.

Tíminn líður og heilu dagarnir og vikurnar hverfa í tímanna skaut og aldrei þeir koma til baka. Listar ólesinna tölvupósta og óleystra verkefna lengjast og þeim mun meira eftir því sem á þá er gengið—því það er jú eðli tölvupósta að eftir því sem þeim er svarað fyrr og betur þeim mun fleiri fær maður í andlitið. Svona ganga margir dagar hjá stórum hluta þeirra sem starfa í alls konar umsýslustörfum í hefðbundinni skrifstofuvinnu. En þetta á sér allt eðlilegar skýringar því þar sem nánast er ómögulegt að leggja mat á raunverulegan árangur starfsmanna í flestri venjulegri skrifstofuvinnu, þá er mjög útbreitt sjónarmið að skárra sé að meta starfsmenn út frá viðveru og almennri athafnasemi, óháð tilgangi, árangri eða hugsanlegu tjóni sem dugnaðurinn kann að valda. Stjórnunarspekingar tala um að það eigi að „mæla það sem skiptir mestu máli“ en enda oftast með því að mæla einfaldlega það sem auðveldast er að mæla.

**Vitleysisvinna**

Fyrir nokkrum árum kom út fróðleg bók eftir mannfræðinginn David Graeber. Bókin heitir „Bullshit Jobs“- sem mætti á íslensku útleggjast sem „vitleysisvinna“ og fjallar um það sem Greaber segir vera útbreidda þróun í atvinnulífinu, að vinna fólks hafi sáralítinn tilgang. Og það sem meira er þá virðist nánast eins og verðmæti vinnu sé metið í nánast öfugu hlutfalli við gagnsemina. Hann telur sig hafa komist að þeim sömu bláköldu sannindum og Steinn Steinarr: Nefnilega að allt „sem innt er af hendi, í öfugu hlutfalli borgast við gildi þessi“. Greaber gengur meira að segja svo langt að láta sér detta í hug að nú til dags sé til staðar eins konar skattlagning á þau störf sem eru raunverulega og bersýnilega mikilvæg; svo sem eins og sorphirða, löggæsla, aðhlynning sjúkra og barnauppeldi. Þessar stéttir fá miklu lægri laun heldur en þær sem erfitt eða ómögulegt er að sjá tilganginn í. Svo er auðvitað þekkt að bestu launin fást að jafnaði fyrir störf sem eru ekki einungis gagnslaus heldur beinlínis skaðleg.

**Góðir í pútti**

Talandi um skaðleg störf: Í lögfræðideild eins bankans fyrir hrun höfðu starfsmennirnir komist að einfaldri leið til þess að uppfylla allar kröfur bankans um afköst, og vekja jafnvel aðdáun fyrir mikilvægi sitt og vinnusemi. Þetta hafði þá ánægjulegu afleiðingu að þeir urðu brátt mjög góðir að pútta, enda höfðu þeir komið upp prýðilegri aðstöðu til slíks á skrifstofunni.

Regla númer eitt var að vera alltaf síðastur til þess að svara öllum tölvupósti, en aldrei að ljúka neinum málum eða svara erindum afdráttarlaust. Ef þeim bárust langar og flóknar spurningar með hinum og þessum fylgiskjölum þá höfðu þeir þann háttinn á að svara einfaldlega með beiðni um nánari upplýsingar án frekari útskýringa. Ef beðið var um útlistun á fyrirspurn lögfræðideildarinnar þá höfðu þeir þann sið að setja yfirmann fyrirspyrjandans í „cc“ í næsta tölvupósti og bera því við að þeir bæru ábyrgð á lagalegri áhættu bankans og þeir yrðu að fá fyllri og betri skýringar til þess að geta tekið afstöðu til álitaefnisins. Svona mátti láta mál dingla áfram í kerfinu vikum og jafnvel mánuðum saman. Oftar en ekki urðu spurningarnar óþarfar í millitíðinni þannig að enginn skaði var í raun skeður þótt lögfræðingarnir hafi ekki ómakað sig með að reyna að svara fyrirspurninni.

Regla númer tvö var að láta alltaf eins og þeir væru mjög uppteknir og það mætti alls ekki trufla þá. Ef óskað var eftir fundi þá var iðulega gefinn kostur á mjög óþægilegri tímasetningu eftir langan tíma („gæti verið laus í korter kl. 8.30 þann 24. desember nk. Láttu mig vita ef það hentar“). Best af öllu var ef hægt var að láta ritara eða laganema bera þau skilaboð að lögfræðingurinn væri á kafi í mikilvægu og háleynilegu verkefni fyrir bankastjórnina og það væri mjög erfitt að ná í hann. Þetta dugði yfirleitt stórvel og aldrei lét nokkur maður sér detta í hug að trufla lögfræðingana með því að fara óboðinn inn á vinnusvæði þeirra. Þannig fengu þeir að hafa í fullkomnum friði sitt hugvitsamlega fyrirkomulag og engan grunaði neitt. Í ljósi þess sem gerðist þá má jafnvel segja að hin mikla þjálfun lögfræðinganna í golfinu hafi verið með því gagnlegra sem þeir gerðu í vinnunni.

**Fyrr í frí**

Hinir ágætu lögfræðingar í bankanum höfðu kannski komist að meiri sannleika en virðist við fyrstu sýn. Mjög mörg störf nú til dags eru þess eðlis að vinnan sjálf tæki ekki mjög langan tíma ef fólk hefði tíma til að sinna henni óáreitt og í friði. Þetta er tilgáta sem Lasse Rheingans, framkvæmdastjóri lítils hugbúnaðarhúss í Þýskalandi, lætur reyna á um þessar mundir. Starfsmennirnir hans þurfa allir að mæta klukkan átta og fá að fara heim klukkan eitt en fá greidd laun í samræmi við átta stunda vinnudag. Hin hliðin á þessum peningi er að starfsmennirnir skilja snjallsímana eftir í læstum skáp og koma ekki nálægt samfélagsmiðlum, fjölskyldureddingum, vefrápi eða öðrum truflunum á meðan á hinum stutta vinnudegi stendur.

Átta tíma vinnudagurinn er sigur vinnandi fólks sem þurfti á vernd að halda til að komast hjá líkamlegu tjóni sem stafaði af óhóflegum vinnukröfum. Afar ólíklegt er að nákvæmlega sömu viðmið passi við vinnu sem krefst meiri andlegrar eða vitsmunalegrar áreynslu. Þar gætu fimm tímar að jafnaði skilað þeim árangri sem til er ætlast.

Rhengans hefur líklega komist að því að gamli brandarinn um vinnusiðferði opinberu starfsmannanna er fyndinn af því hann er sannur. Nema hvað það er ekki þannig að einungis helmingur starfsmannanna sé í vinnunni, heldur að margir þeirra séu í raun bara að vinna helminginn af vinnutímanum. Með því að stytta vinnutímann má vera að hægt sé að ná betri árangri, og starfsmennirnir farið heim eða út á golfvöll miklu fyrr og með góðri samvisku.

# Höldum áfram með samtalið



Þorbjörg Þorvaldsdóttir
formaður Samtakanna ’78

Þann 6. nóvember sl. birtist grein í Fréttablaðinu eftir Solveigu Láru Guðmundsdóttur, vígslubiskup á Hólum, og Skúla Ólafsson, sóknarprest í Neskirkju. Þar fara þau yfir framlag sitt og annarra presta í baráttunni fyrir því að þjóðkirkjan samþykkti hjónavígslu samkynja para. Við þökkum fyrir þann stuðning sem þau sýndu og sýna enn.

Í grein Solveigar og Skúla er viðruð sú hugmynd að Samtökin ’78 og þjóðkirkjan haldi sameiginlegt málþing á næsta ári. Á því þingi eigi að fara yfir söguna, þar á meðal þann ágreining sem var uppi innan kirkjunnar. Við í Samtökunum ’78 fögnum þeirri hugmynd og þykir það rökrétt framhald af afsökunarbeiðni biskups í Kastljósi í síðustu viku. Einnig gerum við okkur grein fyrir því að mikil vinna er fram undan, enda hafa kynslóðir samkynhneigðra og fleiri hópa hinsegin fólks fundið fyrir mikilli höfnun af hálfu þjóðkirkjunnar þrátt fyrir velvild margra presta innan hennar raða.

Af texta greinarinnar mætti ráða að þjóðkirkjan og Samtökin ’78 hafi unnið þétt saman að undanförnu. Við höfum þó ekki verið í eiginlegu samstarfi, en vissulega fundið fyrir mikilli velvild frá þjóðkirkjunni á undanförnum árum og m.a. hefur verið leitað til okkar um fræðslu til handa fólki innan kirkjunnar. Í greininni er einnig nefnt að formaður Samtakanna ’78 hafi sagt að „full sátt væri gagnvart kirkjunni eftir þessa afsökunarbeiðni [biskups]“. Rétt er að ég sagðist fagna afsökunarbeiðni biskups, enda væri það tímabært og gott skref í rétta átt. Það hefur þó enn ekki náðst full sátt gagnvart kirkjunni innan raða Samtakanna ’78 eða innan hinsegin samfélagsins.

Að því sögðu, þá viljum við gjarnan halda áfram að vinna að sáttum og erum ánægð með viðleitnina sem kirkjan hefur sýnt að undanförnu. Rétt er að nefna að barátta Samtakanna ’78 á sínum tíma snerist fyrst og fremst um réttinn til borgaralegs hjónabands, en því stóð kirkjan gegn. Sá hluti sögunnar situr hvað fastast í okkar fólki og hann viljum við gjarnan ræða og gera upp.

Það er gott að þjóðkirkjan vilji hlusta á raddir okkar, stuðla að fjölbreytileika og sýna samstöðu með hinsegin fólki. En traust til stofnana samfélagsins er áunnið og það mun taka tíma og vinnu að byggja aftur upp það traust sem hefur glatast í þessu máli. Samtökin ’78 eru tilbúin í þá vinnu og við hlökkum til samtalsins sem fram undan er.

*Fyrir hönd stjórnar Samtakanna ’78.*

**Samtökin ’78 eru tilbúin í þá vinnu og við hlökkum til samtalsins sem fram undan er.**

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.






Umönnunarábyrgð aðstandenda: Hlutverk án handrits*

Félagsráðgjafafélag Íslands og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands standa fyrir málþingi í tilefni skýrslu Eurostat sem sýnir að hlutur íslenskra aðstandenda í umönnun er mun meiri en gerist í öðrum Evrópulöndum.



Grand Hótel, Sigtúni 38
Miðvikudaginn 13. nóvember kl. 8:30-10:30

Fundarstjóri: Steinunn Bergmann formaður FÍ
8:30-9:00 Morgunverður og skráning
9:00-9:30 Dr. Kolbeinn H. Stefánsson: Samanburður við önnur Evrópulönd
9:30-9:40 Dr. Sigurveig H. Sigurðardóttir: Þjóðin eldist: Áskoranir næstu áratuga
9:40-9:50 Dr. Guðbjörg Ottósdóttir: Börn sem annast um fullorðna: Ómæld umönnun
9:50-10:00 Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir, MPH: Lífið í hvirfilbyl
10:00-10:30 Pallborð og umræður

Verð kr. 3.200, - skráning á www.felagsradgjof.is

*Tilvitnun í blaðaviðtal við aðstandanda

HÁSKÓLI ÍSLANDS FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD
Félagsráðgjafafélag Íslands

# Á leið í Mekka langhlaupsins í Kenýu

**Elín Edda Sigurðardóttir hljóp nýverið sitt annað heila maraþon í Frankfurt en þar bætti hún tíma sinn um tæpar fimm mínútur með því að koma í mark á 2:44,48 sekúndum. Hún á næstbesta tíma íslenskra kvenna á eftir þjálfara sínum Mörthu Ernstsdóttur.**

**HLAUP** „Lykillinn að því að ég náði að bæta mig svona mikið er að ég náði upp stöðugleika í æfingarútínu minni fyrir hlaupið. Ég var reyndar aðeins meidd í upphafi æfingatímabilsins og nældi mér svo í smá pest í aðdraganda hlaupsins en þess utan var ég ekki að detta út úr æfingaplaninu í langan tíma. Mér tókst að æfa stöðugt í nokkra mánuði fyrir hlaupið og það skilaði sér í þessari bætingu. Mögulega hefði bætingin getað orðið meiri og ég finn það alveg að ég á inni og get bætt tíma minn enn frekar í næsta hlaupi,“ segir Elín Edda um aðdraganda hlaupsins.

„Það reyndar hefur aðeins áhrif á æfingaplanið að það er ákveðinn óstöðugleiki sem tengist starfinu mínu en ég hef aftur á móti náð að búa mér til góða rútínu í samstarfi við Mörthu. Þá skipti líka máli að ég náði upp góðum svefni og mataræðið var gott fyrir hlaupið. Martha er svo mjög góð í að setja upp plan sem miðar út frá vaktaplaninu í vinnunni og álagsstýringin er mjög góð,“ segir Elín Edda sem starfar sem læknir.

„Þessi mikla bæting kom mér klárlega á óvart en þetta kom í kjölfar á bætingu í 10 kílómetra hlaupi og hálfu maraþoni frá því í sumar. Eftir að hafa náð jafn góðum tíma og raun bar vitni í fyrsta heila maraþoninu mínu þá fór ég bara með raunhæfar væntingar inn í hlaupið í Frankfurt og þetta var umfram það sem ég stefndi að. Ég byrjaði hlaupið aðeins hægar en ég ætlaði að gera en vann mig svo vel inn í hlaupið og náði upp góðum hraða og tilfinningu þar sem ég hlóð á hálferðri sjálfsstýringu,“ segir hún um hlaupið sjálft.

**Tilfinningin í hlaupinu var góð**

„Ég fór í háfjallabúðir í aðdragada hlaupsins sem hjálpaði mér mikið. Svo átti ég einnig góða viku fyrir hlaupið þar sem ég mætti tímanlega til Frankfurt og náði að vera ein í nokkra daga æfði, fór í gufu, rúllaði og bjó líkamann vel undir komandi átök. Ég náði líka betri tökum á stressinu og ég hafði það á orði við Mörthu degi fyrir hlaupið og á keppnisdegi að ég hefði smá áhyggjur af því að stressið eða spennan væri ekki nógu mikil. Fiðringurinn kom hins vegar í tæka tíð og ég var enn með það bak við eyrað að ég gæti lent á vegg sem getur bara alltaf gerst,“ segir þessi öflugi hlaupari.

> **Þegar ég var búin með 37 kílómetra og ég var á góðum tíma vissi ég að ég gæti klárað hlaupið. Það var bara spurning um það á hversu góðum tíma ég myndi hlaupa.**

„Þegar ég var búin með um það bil 37 kílómetra og ég var á góðum tíma vissi ég að ég gæti klárað hlaupið. Það var bara spurning um það á hversu góðum tíma ég myndi hlaupa. Þá leið mér mjög vel og kláraði hlaupið með góðri tilfinningu. Þá skipti líka miklu máli að ég náði að borða rétt og ég féll ekki í blóðsykri þannig að það hefði áhrif á mig,“ segir Elín Edda enn fremur.

„Eins og ég sagði áðan þá finn ég alveg að það er rúm fyrir bætingu en ég ætla að læra af því hvernig ég æfði og keppti í kjölfar síðasta heila maraþons. Nú ætla ég að hvíla mig hvað keppnir varðar í nokkra mánuði, ná góðri endurheimt, æfa vel og byggja mig upp fyrir næstu verkefni. Ég er á leiðinni til Kenýu í janúar í Mekka langhlaupanna í háfjallabúðir Ég hlakka mikið til þess að æfa við þær aðstæður sem fremstu langhlauparar sögunnar alast upp við og æfa í.

Næsta mögulega verkefni er HM í lok mars þar sem ég vonast til þess að fá að keppa í hálfu maraþoni. Svo stefni ég á að taka næsta heila maraþon í apríl. Það er raunhæft fyrir mig að taka þátt í tveimur heilum maraþonum á ári.

> **Hvað Ólympíuleika varðar þá fjarlægðist sá draumur svolítið þegar lágmarkið var hert í sumar. Það er hæpið að ég nái að bæta mig nóg til að komast inn á leikana í Tókýó næsta sumar en ég ætla alls ekki að gefa upp vonina.**

Hvað Ólympíuleika varðar þá fjarlægðist sá draumur svolítið þegar lágmarkið var hert í 2:29,00 sekúndur í sumar. Það er hæpið að ég nái að bæta mig svo mikið í tæka tíð fyrir leikana í Tókýó næsta sumar, en ég ætla alls ekki að gefa upp vonina. Markmiðið er að fara einhvern tímann á Ólympíuleika en ég einblíni meira á það þessa stundina að halda áfram að bæta tímann minn með hverju hlaupi sem ég hleyp og við sjáum svo til hverju það skilar mér,“ segir Elín Edda um framhaldið.

hjorvaro@frettabladid.is




**Elín Edda er hér glaðbeitt í hlaupi sínu í Frankfurt þar sem hún bætti tíma sinn umtalsvert. Hún var þarna að hlaupa sitt annað heila maraþon á hlaupaferli sínum en hún stefnir á að bæta tíma sinn enn frekar á næsta ári.** MYND/AÐSEND



**Elín Edda er hér ásamt þjálfara sínum Mörthu Ernstsdóttur í Frankfurt.** MYND/AÐSEND

# Vita að þeir geta sótt þrjú stig

**Tilkynnt var í gær hvaða 23 leikmenn væru í hóp landsliðsins fyrir leiki gegn Tyrklandi og Moldóvu. Erik Hamrén segir að reynslan innan hópsins auðveldi undirbúning liðsins fyrir erfiðan útileik í Tyrklandi.**



Erik Hamrén segist fylgjast með yngri landsliðum Íslands í von um að stækka hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FÓTBOLTI** Erik Hamrén tilkynnti í gær hvaða 23 leikmenn þjálfarateymið hefði valið fyrir næsta verkefni karlalandsliðsins. Fram undan eru lokaleikir Íslands í H-riðli undankeppni Evrópumótsins 2020 gegn Tyrklandi og Moldóvu ytra og kemur liðið saman til æfinga í Antalya á mánudaginn þar sem það hefur dvalið í aðdraganda síðustu leikja Íslands gegn Tyrklandi.

„Við vitum það auðvitað að möguleikinn er að seinni leikurinn muni ekki skipta öllu máli en fyrst og fremst þurfum við að vinna Tyrkina til að halda möguleikum okkar opnum fyrir lokaumferðin. Að miði á Evrópumótið sé enn í boði fyrir lokaumferðina. Ef okkur tekst ekki að vinna Tyrki, þá förum við að skoða næstu skref en við erum alls ekki af baki dottnir. Fyrst og fremst erum við að einblína á Tyrkland,“ sagði Hamrén, aðspurður út í sérkennilegan undirbúning þar sem allt verður undir í fyrri leiknum og að örlög Íslands séu ekki í þeirra höndum.

„Tyrkir eru með frábært lið og þetta verður erfitt, þeir hafa aðeins fengið þrjú mörk á sig í allri undankeppninni. Þeir hafa náð frábærum úrslitum eftir að hafa kosið að treysta á styrkleika liðsheildarinnar og tekist að skapa góða blöndu í tyrkneska liðinu sem hefur oft vantað. Á sama tíma vita strákarnir sem hafa mætt Tyrkjum áður að það er hægt að vinna Tyrkina á útivelli sem auðveldar undirbúninginn.“

Líkt og einkennt hefur flest landsliðsverkefni undir stjórn Eriks Hamrén eru lykilleikmenn fjarverandi vegna meiðsla. Aron Einar Gunnarsson og Jóhann Berg Guðmundsson gátu ekki gefið kost á sér vegna meiðsla frekar en Albert Guðmundsson en aðrir eru klárir í slaginn. Út úr hópnum detta tveir reynsluboltar með 161 leik á bakinu í Birki Má Sævarssyni og Emil Hallfreðssyni. Inn í þeirra stað koma Hörður Björgvin Magnússon og Mikael Neville Anderson frá síðasta landsliðshóp. Þá kemur Rúnar Alex Rúnarsson aftur inn í hópinn fyrir Ingvar Jónsson.

„Það er mjög jákvætt að Birkir Bjarnason sé kominn með félagslið og farinn að spila, fjarveru Emils má rekja til þess að hann er enn án félags. Það kemur sá tími sem leikmenn verða að finna sér félag til að æfa með og leika. Ég gleðst fyrir hönd Birkis og okkar en auðvitað eru vonbrigði að Emil sé ekki kominn með félag. Emil er frábær leikmaður og hefur sýnt það áður, hann byrjaði gegn Tyrkjum í sumar og átti frábæran leik þar,“ sagði Hamrén, aðspurður hvort hann væri feginn því að Birkir væri farinn að leika með félagsliði og út í fjarveru Emils.

> **Mikael Neville færir okkur öðruvísi hæfileika og gæti reynst íslenska liðinu mjög dýrmætur í framtíðinni.**
>
> Erik Hamrén

Er þetta í fyrsta sinn sem Mikael er valinn í landsliðshópinn hjá Hamrén en þessi 21 árs gamli leikmaður Midtjylland lék fyrsta leik sinn fyrir Ísland í æfingaleik gegn Indónesíu í ársbyrjun 2018.

„Við höfum fylgst vandlega með Mikael, bæði hjá U21 og í dönsku úrvalsdeildinni þar sem hann hefur leikið vel. Hann færir liðinu öðruvísi hæfileika og gæti reynst íslenska liðinu mjög mikilvægur í framtíðinni. Hann fær tækifæri til að sýna sig og sanna í þessu verkefni. Ég hef rætt við hann en fæ betra tækifæri til þess núna,“ sagði Hamrén sem segist fylgjast vandlega með yngri landsliðum Íslands.

„Við vitum af spennandi leikmönnum í yngri landsliðunum sem gætu átt bjarta framtíð en við þurfum fyrst og fremst að hugsa um að vinna næstu leiki og komast á Evrópumótið.“

Í undankeppninni hefur Hamrén iðulega þurft að breyta leikmannahópnum á síðustu stundu vegna meiðsla í lokaleikjum félagsliðanna fyrir landsleiki. Hann sagði lítið vera hægt að gera í því, aðspurður hvort hann myndi krossleggja fingur þegar hann fylgdist með leikjum helgarinnar.

„Þannig er líf landsliðsþjálfarans, við fylgjumst vandlega með um helgina. Ég vona að við séum búnir að taka út okkar skammt,“ sagði Hamrén léttur að lokum.

**kristinnpall@frettabladid.is**



**Arnar á Íslandsmótinu í keilu fyrir tveimur árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Arnar Davíð aftur í öðru sæti

**KEILA** Íslenski keiluspilarinn Arnar Davíð Jónsson lenti í öðru sæti í lokakeppni Heimstúrsins í keilu 2019, degi eftir að hann lenti í öðru sæti á Kuwait Open mótinu. Aftur var það Englendingurinn Dominic Barrett sem stóð í vegi fyrir Arnari og hrósaði sigri en í gær var sigurinn heldur öruggari eftir að aðeins einu stigi munaði á Arnari og Dominic á miðvikudaginn.

Arnar mætti Barrett í úrslitaeinvíginu í gær en náði sér ekki á strik og lauk úrslitaeinvíginu með 276-232 sigri Barrett. Fyrir annað sætið á mótinu fékk Arnar Davíð tæpa milljón íslenskra króna og fékk hann samtals tæpar fjórar milljónir fyrir mótin í Kúveit.

Arnar Davíð flýgur til Álaborgar í Danmörku í dag þar sem síðasta mótið á Evróputúrnum þetta tímabilið fer fram. Þar freistar hann þess að halda efsta sætinu á Evrópulistanum og verða þar með fyrsti íslenski keilarinn til að vinna Evrópumótaröð í keilu. **– kpt**

## Einn nýliði í hóp Íslands

**HANDBOLTI** Arnar Pétursson tilkynnti í gær hvaða 22 leikmenn hann hefði valið fyrir tvo æfingaleiki kvennalandsliðsins í handbolta gegn Færeyjum síðar í mánuðinum. Þetta verða fyrstu æfingaleikir liðsins síðan Arnar tók við liðinu en liðið lék tvo leiki í undankeppni Evrópumótsins gegn Króatíu og Frakklandi á dögunum.

Mariam Eradse, leikmaður franska liðsins Toulon, er eini nýliðinn í hópnum og tekur sæti Hildigunnar Einarsdóttur sem dettur úr úr hópnum. **– hó**



# JÓLAKLEMENTÍNURNAR ERU KOMNAR




**NÝ UPPSKERA**

Þessar einu sönnu Robin klementínur 2,3 kg

**849** kr/ks



**NÝ UPPSKERA**

Rauð USA epli

**479** kr/kg

Tilboð gilda út 10. nóvember

**25%** afsláttur



Reyktur- og grafinn lax

**2.999** kr/kg

Verð áður 3.999 kr/kg

BAKARÍIÐ



Súrdeigsbrauðin okkar eru gæðavara og innihalda ekkert ger

**799** kr/stk

BAKARÍIÐ




Sælkera brauðsalöt frábær með súrdeigsbrauðinu

**599** kr/stk




Hvít jól mandarínu white ale léttöl

**119** kr/stk




Krunch með lakkrís, sjávarsalti og mjólkursúkkulaði

**549** kr/pk




Vetrarlína Omnom er komin í Hagkaup

**879** kr/stk




## Nautalundir
Frosnar frá Danish Crown

**3.999** kr/kg




### Nauta ribeye
Frosið frá Danish Crown

**2.999** kr/kg




### Roasted garlic- og ítölsk parmesansósa

**499** kr/stk




### Barberie andabringa 250 g

**649** kr/stk




### Kjúklingaleggir

**699** kr/kg

Verð áður 999 kr/kg




### Kjúklingabringur

**2.167** kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg




### Íslenskt nautafile

**4.424** kr/kg

Verð áður 5.899 kr/kg

**HAGKAUP**

*Meira* svona *alla daga*

## Merkisatburðir

**1879** Hið íslenska fornleifafélag er stofnað.

**1895** Wilhelm Conrad Röntgen uppgötvar röntgengeislana.

**1949** Fyrstu umferðarljósin eru tekin í notkun á fjórum gatnamótum í miðbæ Reykjavíkur.

**1960** John F. Kennedy er kosinn forseti Bandaríkjanna.

**1978** Friðrik Ólafsson er kjörinn forseti Alþjóðaskáksambandsins FIDE.

**1979** Hjördís Björk Hákonardóttir er fyrst kvenna skipuð sýslumaður á Íslandi. Það er í Strandasýslu.

**1983** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Rán, ferst í Jökulfjörðum og með henni fjórir menn.

**2013** Fellibylurinn Haiyan ríður yfir Filippseyjar. Tugir þúsunda farast og hundruð þúsunda lenda á vergangi.

**2016** Donald Trump er kosinn forseti Bandaríkjanna.



Brynjólfur Björnsson í ríki sínu innan um hin aðskiljanlegustu áhöld og allt sem þeim tilheyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fyrsta verkfæraverslunin

**Verslunin Brynja fagnar aldarafmæli í dag. Hún plumar sig á Laugaveginum innan um lundabúðir og kaffihús. Búðargluggar hennar voru í byrjun þeir stærstu í borginni.**

Brynja var stofnuð 1919, leyfisbréfið sem hangir hér uppi er frá 8. nóvember það ár. Kannski hefur búðin ekki verið opnuð þann dag, en við ákváðum að miða afmælið við hann,“ segir Brynjólfur Björnsson, eigandi Brynju á Laugavegi 29. Hann ætlar að bjóða gestum og gangandi í kaffi og tertu í dag milli klukkan 14 og 18. „Það er full ástæða til að gera sér dagamun,“ segir hann réttilega.

Verkfæri og járnvörur eru aðal Brynju eins og alþjóð veit, því verslunin hefur verið fastur punktur í lífi landans í hundrað ár. Þar starfa nú sjö manns. Við Brynjólfur sitjum á skrifstofu á efri hæðinni sem merkt er Forstjórinn. Áður hafði ég gengið fram hjá öðrum dyrum með skilti sem á stendur: Hér er alltaf borgað út milli klukkan 14 og 17 á föstudögum. Hinum megin gangsins er lítið eldhús með lágum bekk því þó að versluninni hafi verið breytt í tímans rás, til hagræðingar fyrir viðskiptavini, er ýmsum hlutum leyft að halda sér á loftinu.

Fyrstu tíu árin sín var Brynja á Laugavegi 24, að sögn Brynjólfs, en stofnandinn, Guðmundur Jónsson, ákvað þá að festa kaup á húsi hinum megin götunnar. „Þetta hús er byggt 1906. Þá var sagt: „Hvað ertu að byggja búð langt fyrir utan bæinn?“ því byggðin var öll í Kvosinni og náði aðeins upp í Bakarabrekkuna (Bankastrætið) þannig að þetta var aðeins úr leið. Hér uppi var íbúð en það var strax einhver verslun á neðri hæðinni og gluggarnir voru stærstu búðargluggar í bænum.

Guðmundur, stofnandi Brynju, var hálfbróðir ömmu minnar,“ lýsir Brynjólfur. „Hann kom frá Akranesi að læra smíðar hjá Völundi. Svo slasaðist hann á hendi og gat ekki smíðað lengur, fór þá til Noregs og Svíþjóðar og sá þar mikið af góðum verkfærum sem hann langaði að flytja inn svo hann kom heim og opnaði Brynju og hún var fyrsta sérvöruverslunin með verkfæri. Hann seldi verslunina árið 1937 og beindi kröftum sínum að umboðs- og heildsölu við hlutafélagið Vélar og verkfæri og það er enn fjölskyldufyrirtæki.“

Brynja hefur verið innan sömu fjölskyldu frá 1954 og Brynjólfur kveðst hafa verið þar í sendiferðum sem strákur á sumrin, ef hann hafi ekki verið sendur í sveit. „Ég var í Englandi og Þýskalandi í nokkur ár en hef unnið hér sleitulaust frá 1965 og tók við rekstrinum þegar faðir minn dó 1993.“

Brynjólfur segir mikil viðskipti hafa verið við landsbyggðina alla tíð og sýnir auglýsingu frá Brynju sem birtist í Vestfirska fréttablaðinu á 4. áratugnum. Þar stendur: „Saumur, skrúfur, lamir, skrár, gluggar, gler. Eina sérverslunin sem er með allar vörur tengdar veggfóðraraiðninni.“ Hann kveðst ekki vita um aðra verslun af þessari stærðargráðu á landinu nú. „En hér á Laugavegi, Hverfisgötu, Lindargötu og Skúlagötu var fjöldi svipaðra verslana á tímabili. Kanarnir sem koma hingað sem ferðamenn eru stórhrifnir, þeir segja þessar búðir ekki sjást lengur vestra, heldur bara risastórar byggingarvörubúðir, þeim finnst gaman að koma hingað og líka Bretum. Þessar búðir eru horfnar hjá þeim og þeir sakna þeirra. En nú veit maður ekkert hvernig þessar breytingar í miðbænum fara með okkur.“ **gun@frettabladid.is**

### Borgaði með vísu

Í lokin er hér lítil saga úr kreppunni upp úr 1930, sem Brynjólfur miðlar. „Guðmundur, eigandi Brynju, hafði selt heila rúllu af gólfdúk gegn loforði um greiðslu ákveðinn dag, kaupandinn mætti á tilsettum tíma og borgaði með þessari vísu:

*Margir stynja mín er trú.*
*Mér er synjað braskið.*
*Þótt að hrynji þjóðarbú*
*þolir Brynja hnjaskið.*



Listamaðurinn
**Nonni Ragnarsson**
er látinn.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**F.h. fjölskyldu og vina,**
**Guðrún Einarsdóttir**
**Erlingur Einarsson**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
**Evy Britta Kristinsdóttir**
lést miðvikudaginn 30. október
á Landspítalanum í Fossvogi.
Útför hennar fer fram í Fríkirkjunni í
Reykjavík þriðjudaginn 12. nóvember klukkan 13.00.

**Ragnar Örn Ottósson** — **Patricia Bustamante Colón**
**Arnar Már Ottósson**
**Christel Líf Ottósdóttir** — **Dalmar Ýmir Aronsson**
**Thelma Karen Ottósdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Bera Þorsteinsdóttir**
frá Laufási í Vestmannaeyjum,
lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum þriðjudaginn
5. nóvember. Útför hennar fer fram frá
Fossvogskirkju fimmtudaginn 14. nóvember kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja
minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

**Þorsteinn Ingólfsson** — **Kristrún Gísladóttir**
**Gylfi Ingólfsson** — **Anna Jenný Rafnsdóttir**
**Ingólfur Ingólfsson** — **Júlíanna Theodórsdóttir**
**barnabörn, makar þeirra og langömmubörn.**



Elskulegur faðir okkar,
ástvinur og bróðir,
**Ómar Ásgeirsson**
búfræðingur og trésmíðameistari,
lést á hjúkrunarheimilinu Eir
þann 3. nóvember.
Útförin fer fram frá Neskirkju
mánudaginn 11. nóvember klukkan 13.00.

**Ólöf Huld Ómarsdóttir**
**Arnar Hlynur Ómarsson**
**Ómar Sigurbjörn Ómarsson**
**Einar Auðólfur Ómarsson**
**Elísabet María Haraldsdóttir**
**Jóhanna Lind Ásgeirsdóttir**
**Sigurbjörn Ásgeirsson**
**Málfríður Ásgeirsdóttir**
**Valgerður Ásgeirsdóttir**
**Ásgerður Ósk Jakobsdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**



Innilega þakkir til allra þeirra er
sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju
vegna andláts og útfarar eiginmanns
míns og föður okkar,
**Ísaks J. Guðmann**
Holtateigi 16, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á
skurðlækningadeild SAk og starfsfólks Beykihlíðar
á Dvalarheimilinu Hlíð.

**Auður Þórhallsdóttir**
**Guðlaug Halla Ísaksdóttir** — **Gunnlaugur Frímannsson**
**Kári Í. Guðmann** — **Hrafnhildur Stefánsdóttir**
**Jón Í. Guðmann** — **Arna Þöll Arnfinnsdóttir**
**Anna María Guðmann** — **Adam Traustason**
**og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Gréta Jónsdóttir**
Reynimel 50, Reykjavík,
lést sunnudaginn 3. nóvember á
Hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útförin fer fram frá Fossvogskapellu
mánudaginn 18. nóvember kl. 13.00.

**Sigurður Erling Baldursson**
**Þuríður Ellisif Baldursdóttir** — **Jóhann S. Erlendsson**
**Ingi Þór Vöggsson**
**Baldur og Freyr Jónssynir**
**Baldur Erling, Margeir Jón, María Sif og Hulda Hrönn**
**Sigurðarbörn**
**Arnar Páll og Jóhann Baldur Jóhannssynir**
**og langömmubörn.**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 8. NÓVEMBER 2019



# Fólk breytist ekki

Þegar tónlistarmaðurinn Sváfnir Sigurðarson syngur angurvært að hann sjái það, sjái það núna, að hann „hefði getað verið svo miklu betri við þig“ er hann ekki að syngja til konunnar sem hann varð ástfanginn af á Kópavogshæli. Hann reynir þó sífellt að verða henni betri og betri. ➜2

Sváfnir Sigurðarson varð fimmtugur á árinu en sendir nú frá sér hvern gæðasmellinn á fætur öðrum og segist bara rétt byrjaður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hair Volume

- fyrir líflegra hár!









LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsíðu ➪

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Stóra lygin er sú að fólk breytist. Við erum alltaf sama fólkið. Það er oft mikill slagur hjá fólki, þegar gengið hefur á ýmsu, að telja sér trú um að það sé breytt og öðruvísi en því miður er hljómurinn í því oftast holur," segir tónlistarmaðurinn Sváfnir Sigurðarson sem í sumar söng sig inn að innstu hjartarótum landsmanna í lagi sínu Fólk breytist.

„Ég lagði svo sem ekki upp með að lagið segði ákveðna sögu sem ætti sér upphaf og endi og hef mest gaman af að búa til lög með svipmyndum sem hlustendur geta fyllt út í sjálfir. Fólk virðist hins vegar vera sérstaklega duglegt að fylla út í skilning sinn á Fólk breytist. Ég hef fengið kveðjur og þakkir fyrir lagið úr ýmsum áttum og sumir segjast hafa farið að gráta við hlustun á því. Mér þykir auðvitað ánægjulegt að fá slík viðbrögð og það er gefandi þegar lög manns halda áfram að stækka, þroskast og þróast eftir að maður gefur lögin frá sér," segir Sváfnir.

Í Fólk breytist segir: „Ég sé það, ég sé það núna; ég hefði getað verið svo miklu betri við þig."

„Lagið er alls ekki speglun á eigin sálarlífi en auðvitað hefði ég sjálfur getað verið svo miklu betri. Maður nýtir alltaf eða ýkir sína eigin reynslu eða annarra í lagasmíðarnar en ég lít ekki á þær sem sálfræðitíma á milli mín og þjóðarinnar. Þetta er eins og að fara til miðils sem segir: „Þú þarft að hætta að vera svona stressaður." Það eru sannindi sem eiga við alla; allir stressaðir að einhverju marki og gætu líka orðið betri. Þetta er því ekki djúpvitur speki heldur tímalausar staðreyndir sem fólk tengir við og vekja það til umhugsunar. Það velta svo margir fyrir sér hvernig þeir hefðu getað gert hlutina öðruvísi þegar þeir líta um öxl og það er sammannlegt að vera hvað vitrust þegar við lítum í baksýnisspegilinn."

## Hamingjuríkt líf í hálfa öld

Sváfnir er fæddur og uppalinn á gangstéttarhellu í Kópavogi, eins og hann segir sjálfur frá. Í sumar hafði hann lifað í hálfa öld. Beðinn um að líta í eigin baksýnisspegil segir hann:

„Ég sé frekar gott og hamingjuríkt líf en líka nokkur glötuð tækifæri til að hafa ekki gert meiri músík. Ég held að tónlistarsköpunin hafi látið bíða eftir sér því ég er meira skapandi nú en áður og hef þurft að taka út meiri þroska og kjark til að komast á þann stað sem ég er á nú," segir Sváfnir sem er rétt að byrja og ætlar svo sannarlega að láta meira að sér kveða í framtíðinni.

„Ég hef sýslað við músík og þjónað tónlistargyðjunni síðan ég man eftir mér. Ég er háður tónlist eins og fíkill þótt í seinni tíð hafi ég tekið enn fastar utan um sköpunarþráðinn," segir Sváfnir sem áður var í hljómsveitunum Kol og Mönnum ársins, en báðar sveitirnar gáfu út plötur.

Sváfnir er nú langt kominn með sólóplötu númer tvö en sú fyrsta, Loforð um nýjan dag, kom út árið 2016.

„Sólóplöturnar eiga sér ólíkan aðdraganda. Um áramótin 2016 setti ég af stað loftstein með því að tilkynna fólki að ég ætlaði að gefa út plötu og sannfærði sjálfan mig um að á einu ári væri hægt að semja tónlist, æfa hana með hljómsveit, taka upp plötu og gefa hana út, og það tókst. Ég sem ágætlega undir pressu, set hlutina af stað og þegar tíminn nálgast bretti ég upp ermar og klára," segir Sváfnir en nýju plötuna segir hann vera sjálfstæða skepnu sem láti hafa fyrir sér.

„Sum lögin fæðast bráðþroska og leka hálf tilbúin úr hljóðfærunum á meðan önnur kosta meira nostur," segir Sváfnir sem spilar á gítar og píanó og semur öll lög og texta sjálfur.

„Ég hef aldrei farið í tónlistarskóla en lært af góðu fólki á langri leið. Síðustu ár hef ég sungið meira því til að byrja með fékk ég miður góða dóma sem söngvari. Ég þrjóskaðist samt við, hélt ótrauður áfram og syng orðið betur í dag."



Sváfnir segir alltaf eins, rétt eins og fjöllin, og konuna sína kveikja í sér melódíur og ljóð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> „Ég hef fengið kveðjur og þakkir fyrir lagið og sumir segjast hafa farið að gráta. Ég lít þó ekki á lagasmíðarnar sem sálfræðitíma á milli mín og þjóðarinnar.

## Sat fyrir kvonfanginu sínu

Sváfnir er þriggja barna faðir og þriggja barna afi.

„Það er tilgangur lífsins að eignast börn og enn æðri tilgangur lífsins að eignast barnabörn; þau eru fullkomnar verur og hamingjuboltar. Þetta er mósaík-fjölskylda eins og gengur og gerist, við hjónin komum færandi hendi hvort með sína stelpuna og eignuðust svo strák saman," segir Sváfnir sem varð ástfanginn af eiginkonunni Erlu Vilhjálmsdóttur á Kópavogshæli þar sem þau unnu saman fyrir 23 árum.

„Ég tók strax eftir fallegu stúlkunni Erlu og fann að ég varð að kynnast henni betur. Því sat ég fyrir henni og gerði mér upp ferðir til að verða á vegi hennar á hælinu. Á þessum tíma reykti ég og vissi að hún þurfti að fara ákveðna leið þar sem ég gat stillt mér upp og reyndi að standa vörpulegur og teinréttur í baki þegar hún gekk fram hjá. Mér tókst greinilega vel upp og þótt hún hafi nú ekki beint stokkið í fangið á mér þá vann ég hjarta hennar hægt en örugglega," segir Sváfnir og er þá inntur eftir því hvaða mann hann hafi að geyma.

„Ég er svolítill sveimhugi og á það til að missa athyglina út um allt. Ég er líka góður vinur vina minna og traustur og tryggur mínum. Mér er sagt að ég sé húmoristi og finnst ótrúlega gaman að vera í góðra vina hópi og vinna með góðu fólki að góðum og fallegum málum," segir Sváfnir og heldur áfram: „Ég tek líka strætó í vinnuna eða hjóla og bíð spenntur eftir borgarlínunni."

Spurður hvort Erla sé honum innblástur í tónlistar- og textagerð svarar Sváfnir:

„Já, hún kveikir í mér melódíur og ljóð, hvort sem hún veit það eða ekki. Það þýðir samt ekki að öll lögin séu um hana eða mig; maður þarf líka að vera sögumaður um aðra því fólk er svo skemmtilegt," segir Sváfnir, alltaf sá sami.

„Ég hef auðvitað ekkert breyst og dapurlega niðurstaðan er sú að fólk breytist ekki mikið. Það þroskast og lærir. Sjálfur er ég svo alltaf að reyna að vera enn betri við konuna mína en það gengur svona og svona. Ég er þó ekki að semja lög um okkur hjónin heldur er það staðreynd að við þurfum öll að verða betri," segir hann og hlær.

## Uppalinn í Kópavogsleikhúsi

Í dagvinnunni er Sváfnir markaðsfulltrúi í Þjóðleikhúsinu.

„Ég hef yndi af því að starfa að markaðs- og kynningarmálum fyrir listastofnanir og var áður hjá Sinfóníunni og í Borgarleikhúsinu. Með fullri virðingu fyrir skemmtilegri vinnu á auglýsingastofu hefur það ekki slegið sama tón hjá mér að vinna fyrir framleiðendur súkkulaðis og bílaumboðin. Efniviðurinn er ekki jafn lifandi og í listum," segir Sváfnir sem kann vel við sig í leikhúsinu.

„Ég er skilgetið afkvæmi Leikfélags Kópavogs og var alinn upp á 5. til 8. bekk Gamla Kópavogsleikhússins því mamma mín og pabbi voru þungavigtarkraftar í leikfélaginu og einn bræðra minna lengi vel formaður og skipuleggjandi þess. Þar var ég fenginn til að semja tónlist við tvö leikverk og það finnst mér ótrúlega heillandi vinna sem mér verður vonandi aftur falin síðar," segir Sváfnir en foreldrar hans eru Helga Harðardóttir og Sigurður Grétar Guðmundsson heitinn sem einnig skrifaði dálkinn Lagnafréttir í Morgunblaðið í árafjöld. Umræddur bróðir hans er Hörður Sigurðarson, framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga.

„Það er því engin furða að ég finni mig vel í Þjóðleikhúsinu, þeim frábæra vinnustað. Hér hefur starfsánægja aldrei mælst hærri og hér starfar samstilltur hópur góðs fólks," segir markaðsstjórinn Sváfnir sem kveðst ómögulegur í að markaðssetja sjálfan sig.

„Það hefur tekið mig tíma að standa með eigin verkum þótt ég sé alltaf stoltur af þeim. Það fer mér ekki vel að tala um eigið ágæti, en óskastaðan væri vitaskuld að spila meira opinberlega," segir Sváfnir sem er þekktur fyrir stórkostlega tónleika með hljómsveit sinni Sváfnismönnum.

„Ef tónlistarhátíð eða viðburðastjórar ramba á þetta viðtal er ég í símaskránni og heldur betur til. Það toppar ekkert að spila eigið efni fyrir þá sem hlusta. Ég er búinn með kráarspilamennskuna og get ekki hugsað mér lengur að syngja gamla slagara fyrir misdrukkið fólk um nætur. Það var vissulega góð reynsla og æfing en það kemur að því að það gefur manni ekki lengur og hættir að vera spennandi. Það er líka einmanalegt að spila einn en óhjákvæmilega verður til kærleikur á milli manna sem spila saman músík. Þeir opna hjörtu sín og treysta hver öðrum í mikilli sköpun og það er ekkert sem jafnast á við það," segir Sváfnir um tónlistina sem er hans stóra ástríða í lífinu.

„Tónlistin er líka mikill örlagavaldur því ég hef kynnst svo mörgu góðu fólki í gegnum músík. Tónlistin er stétt góðra manna og kvenna. Í íslensku tónlistarlífi er svo mikið af góðu og jákvæðu fólki sem er tilbúið að leggja mikið á sig til að aðrir geti komið sínu sköpunarverki áleiðis."

Sváfnir er hissa á viðtökunum sem nýju tónsmíðarnar hans hafa fengið að undanförnu. Á dögunum kom út lagið Fer sem fer og rauk beint á vinsældalista.

„Það kom ekki á óvart að Fer sem fer næði vinsældum því það er meiri smellur í sjálfu sér. Fólk breytist er hins vegar ekki dæmigerður smellur en fólk er kannski miklu minna dæmigert en maður heldur. Það er ótrúlega magnað að upplifa viðtökurnar og miklu meiri verðlaun en stefgjöld þótt þau séu ótrúlega fín líka," segir Sváfnir sæll.

Í Fer sem fer fékk hann leikarann Theódór Júlíusson til að leika mann af allt öðru kaliberi í myndbandi við lagið.

„Hugmyndin að laginu kviknaði út frá þeirri staðreynd að það eiga allir einn vin eða kunningja sem þeir máta sig við. Þessi vinur er alltaf aðeins meira töff og einu kaliberi ofar. Það sprettur af einhverju óöryggi. Ég er með ákveðinn mann í huga en get því miður ekki sagt frá því hver hann er og tek það leyndarmál með mér í gröfina," segir Sváfnir og hlær.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Betri er ein bók í hendi

## en tvær í endurvinnslunni - Minnkum bókasóun!




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999




tilboðsverð kr. 4.190
fullt verð kr. 5.890




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999




tilboðsverð kr. 6.299
fullt verð kr. 8.999




tilboðsverð kr. 5.599
fullt verð kr. 7.999




tilboðsverð kr. 4.199
fullt verð kr. 5.999




tilboðsverð kr. 4.590
fullt verð kr. 6.499




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999




tilboðsverð kr. 3.890
fullt verð kr. 5.495




tilboðsverð kr. 3.190
fullt verð kr. 4.495




tilboðsverð kr. 3.090
fullt verð kr. 4.395




**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Tækifæri til að láta drauminn rætast

Jóhanna Kristín var flugfreyja hjá WOW þegar ósköpin dundu yfir. Eftir að hafa kynnst góðum vinum í fríi á Mallorca síðasta sumar ákvað hún að flytjast búferlum til eyjarinnar.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Ég ákvað að flytja til Mallorca eftir að hafa verið þar í 15 daga í júní í fjölskylduferð, en við fórum 13 saman á æðislega skemmtilegt fjölskylduhótel í Santa Ponsa, Pirates Village, og þar eignaðist ég góða vini sem vinna á hótelinu," segir Jóhanna Kristín, en hún á tvö börn, þau Katrínu Rosönnu sem er átta ára og Daniel Antonio, fjögurra ára.

## Vill að börnin læri spænsku

„Það hefur lengi verið draumur að flytja til spænskumælandi lands í einhvern tíma svo krakkarnir mínir læri spænsku almennilega, en pabbi þeirra er frá Dóminíska lýðveldinu. Ég kynntist honum þegar ég var skiptinemi þar frá 2009 til 2010."

Jóhanna, sem talar reiprennandi spænsku, segist leggja ríka áherslu á að börnin læri spænsku. „Ég hef talað spænsku dagsdaglega síðan þá og við töluðum alltaf spænsku heima þegar við bjuggum saman, en krakkarnir hafa ekki alveg náð nógu góðum tökum á tungumálinu, þá aðallega sá yngri. Planið var alltaf að fara til Dóminíska lýðveldisins einhvern tíma í þessa vegferð en eftir utanlandsferðina í júní leist mér svo vel á Mallorca."

Því er gjarnan fleygt fram að þegar einar dyr lokist, opnist aðrar og á það sannarlega við í tilfelli Jóhönnu. „Þar sem ég var flugfreyja hjá WOW air í tæplega tvö ár og missti vinnuna í lok mars við fall flugfélagsins þá fannst mér þetta tilvalið tækifæri til að láta drauminn rætast. Svo er svo auðvelt fyrir krakkana að læra tungumál meðan þau eru svona ung þannig að ég ákvað bara að skella mér."

## Brösug byrjun en þess virði

„Ég fór ein út tvisvar sinnum í júlí til að sækja um NIE-númer, sem gefur þér leyfi til að vinna á Spáni og redda alls konar öðrum pappírum, skoða skóla, fara í atvinnuviðtöl og alls konar sem þurfti að vera tilbúið áður en við ákvæðum að flytja út," útskýrir Jóhanna. „Ég fékk viðtal hjá TUI, sem er ferðaskrifstofa, og þau vildu ráða mig í vinnu í júlí en þar sem ég var ekki komin með NIE-númerið þá gat ég ekki byrjað strax. Það tók tæplega



Jóhanna Kristín er óhrædd við að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir.

þrjá mánuði að fá þetta blessaða númer þar sem öll pappírsvinna tekur mjög langan tíma á Spáni."

Það gekk á ýmsu. „Þetta hefur gengið upp og niður hjá okkur. Þegar við komum til landsins höfðum við fundið íbúð sem við ætluðum að flytja inn í sem reyndist svo vera svindl. Við gistum svo nokkrar nætur hjá vini okkar frá hótelinu en fundum svo litla íbúð sem var hugsuð til bráðabirgða þar til við myndum finna aðra sem hentaði okkur."

Börnin hafi blómstrað í skólanum. „Krakkarnir byrjuðu í skólanum í september og þeim gengur mjög vel og eru búin að eignast fullt af vinum. Katrín talar miklu betri spænsku núna eftir þrjá mánuði og er einnig að læra katalónsku og ensku, Daníel segir nýtt orð á hverjum degi og skilur meira og meira." Biðin eftir tilskildum pappírum og leitin að húsnæði hafi þó tekið á taugarnar. „Fyrir mig er þetta búið að vera svolítið stressandi, þessir fyrstu mánuðir þar sem ég þurfti að bíða svo lengi eftir NIE-númerinu og það gekk ekkert að finna nýja íbúð."

## Fjöltyngd og náin fjölskylda

En öll él birtir upp um síðir og framtíðin er björt. „Núna loksins, þrem mánuðum síðar, er ég komin með númerið, er að byrja að vinna hjá TUI, krakkarnir í skólanum, við kynntumst yndislegri konu frá Brasilíu sem nær í krakkana úr skólanum, æfum capoeira öll saman tvisvar í viku og erum núna loksins, eftir alls konar vesen, að fara að flytja í góða íbúð."

„Við komum heim talandi fimm tungumál reiprennandi með þessu áframhaldi. Íslenskuna tölum við okkar á milli, spænskuna tölum við við alla aðra, í skólunum er kennt á katalónsku, enskan er svo kennd í skólanum og svo lærum við portúgölsku í capoeira, en „sjó-ræningja"-vinir okkar eru allir frá Brasilíu."

Jóhanna segir fjölskyldu og vini hafa verið skilningsrík. „Ég held að fjölskyldunni og vinum finnist ég vera ansi mikil draumórakona með aðeins of mikla ævintýraþrá. En þau hafa verið ekkert annað en hjálpsöm og þau eru alltaf til staðar fyrir mig. Ég held að þau skilji samt af hverju mig langaði til að gera þetta og þau styðja ákvarðanir mínar."

Þó sé mikill söknuður eftir ástvinum, bæði mennskum og úr dýraríkinu. „Ég sakna fjölskyldunnar og vina minna mikið. Og kattanna minna, en ég á þrjár kisur. Það hjálpar þó mikið að hugsa að þetta sé bara tímabundið. Svo langar mig afskaplega mikið í hrískúlur frá Freyju.".

Jóhanna segir að framtíðin sé óráðin og það sé viss huggun fólgin í þeirri hugsun að þetta þurfi ekki að vera varanlegt. „Ég er ekki búin að ákveða hvenær ég kem heim. Þetta var upphaflega hugsað sem tímabundin lífsreynsla. Það er samt voða gott að vita það að við getum alltaf farið aftur heim. Sú hugsun er búin að hjálpa mér mikið í gegnum þá erfiðleika sem við höfum þurft að glíma við. Ég hef oft verið við það að fara heim en ég veit að ef ég geri það áður en þetta er fullreynt mun ég sjá eftir því. Núna fyrst er allt loksins að smella saman og lítur út fyrir að þetta muni ganga vel, ég er samt ekki viss um hversu lengi við munum vera hér þar sem ég sé alls konar önnur tækifæri. Þetta kemur allt í ljós."



Fjölskyldan nýtur sín á Mallorca og hefur í nógu að snúast.



Jóhanna Kristín er hér ásamt börnunum sínum, Daníel Antonio og Katrínu Rosanna.

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Kemur út þriðjudaginn 26. nóvember.**

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins.
Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

**Vilt þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?**

**Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.**
**Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is**



# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI














GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

# Dularfull græn ljós á himni

**Norðurljósin hafa lengi vakið áhuga fólks og erlendir ferðamenn flykkjast til Íslands yfir vetrarmánuðina í von um að geta barið þau augum. Áður fyrr voru uppi ólíkar tilgátur um orsök þeirra.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is


Á öldum áður hafði fólk ýmsar skýringar á tilvist norður- og suðurljósanna. NORDICPHOTOS/GETTY

Norðurljósin myndast vegna þess að hlaðnar agnir frá sólinni komast inn í lofthjúp jarðarinnar. Ljósin sjást við segulskaut jarðarinnar við norðurpólinn. Sams konar ljós sjást við suðurpólinn og kallast suðurljós. Samheiti yfir norður- og suðurljósin er segulljós.

Þegar agnirnar frá sólinni fara inn í segulsvið jarðarinnar streyma þær í átt að pólunum og rekast þar í lofthjúpinn. Við það myndast orka sem framkallar ljósin.

Ljósin geta verið í ýmsum litum þó oftast séu þau græn eða bleik. Einnig geta ljósin tekið á sig ýmis form. Fjölbreytileiki litanna stafar af ólíkum tegundum efnasambanda í lofthjúpi jarðarinnar. Græni og gulgræni litur norðurljósanna stafar af súrefni, bleiki liturinn stafar aftur á móti af nitri.

Grunurinn um tengingu milli norður- og suðurljósanna og sólarinnar kviknaði í kringum 1880. Þökk sé rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið síðan á sjötta áratug síðustu aldar er nú vitað að sólarvindur blæs rafeindum og róteindum að jörðinni og áðurnefndar agnir komast inn fyrir lofthjúp jarðar. Áður en þessi þekking var til staðar voru uppi hinar ýmsu þjóðsögur um tilvist þessara heillandi ljósa.

Norðurljósin eru einnig þekkt undir nafninu aurora borealis og suðurljósin kallast aurora australis. Áróra var gyðja dögunar í rómverskri goðafræði, en aurora borealis þýðir dögun í norðri og aurora australis þýðir dögun í suðri.

Rómverjar til forna tengdu norðurljósin við upphaf nýs dags og töldu að ljósin væru gyðjan Áróra að birtast þeim á himninum.

Það er mjög sjaldgæft að norðurljósin sjáist sunnarlega í Evrópu, ef þau birtast á þeim slóðum eru þau oft rauð að lit. Ef svo ólíklega vildi til að norðurljós sæjust svo sunnarlega á norðurhvelinu á öldum áður ollu þau talsverðum usla og ótta meðal almennings.

Á Ítalíu og Frakklandi taldi fólk að ljósin væru fyrirboði um yfirvofandi stríð eða hungursneyð. Sögur segja að rauð norðurljós hafi litað himininn yfir Skotlandi og Englandi nokkrum vikum fyrir frönsku byltinguna og síðar var talið að það hefði verið fyrirboði um átökin hjá nágrönnunum í Frakklandi.

Hér á Íslandi var talið að ef ólétt kona horfði á norðurljósin gæti það minnkað verki við fæðinguna. Þó varð hún að passa sig að horfa ekki á ljósin á meðan á fæðingunni sjálfri stóð því þá myndi barnið verða rangeygt.

Á Grænlandi voru norðurljósin líka tengd barnsfæðingum en þar var talið að þau væru sálir andvana fæddra barna.

Á Nýja-Sjálandi og einnig víða á norðurhveli hélt fólk lengi vel að segulljósin stöfuðu af endurspeglun frá kyndlum eða brennum.

Indjánar í Wisconsin í Bandaríkjunum trúðu því að ljósin sýndu staðsetningu risa sem þeir trúðu að væru andar merkra veiðimanna. Inúítar í Alaska héldu aftur á móti að norðurljósin væru andar dýranna sem þeir veiddu, sela, laxa, dádýra og hvala.

Málum og Skálum

*Ert þú með 4 - 8 manna hóp? Villt þú bóka fyrir staffagleði? Saumaklúbb? Gæsun? Bókaðu tíma inná www.malumogskalum.is*




Ilmefni geta verið varasöm fyrir viðkvæma húð og orsakað vont ofnæmi.

# Danir í herferð gegn ilmefnum

Samkvæmt nýrri rannsókn þjást 180 þúsund Danir af ofnæmi sem stafar af ilmvatni eða öðrum ilmvörum. Umhverfisstofnun Danmerkur hefur nú hrundið af stað herferð á samfélagsmiðlum til að fá ungt fólk til að forðast vörur með ilmefnum en velja í staðinn snyrtivörur án þeirra. Sérstaklega er bent á vörur eins og svitalyktareyði sem ætti að vera án ilmefna.

Herferðinni er beint að unglingum á aldrinum 13-16 ára en á þeim aldri byrja þau að nota snyrtivörur ýmiss konar. Ilmefnaofnæmi lýsir sér sem exem, rauðir flekkir, blöðrur eða jafnvel sár. Ofnæmið brýst fram í húðinni við notkun á ilmefnum. Ilmvötn eru þarna engin undantekning. Það geta liðið nokkur ár áður en ofnæmið brýst fram í húðinni svo best er að sleppa því alveg að nota ilmefni, að því er segir í frétt á Jyllands Posten. Unglingunum er bent á að nota ilmefnalausan svitalyktareyði og ef notað er ilmvatn að sprauta því beint á fatnað í stað húðarinnar.

Sagt er að alls kyns ofnæmi hjá fólki vegna efna í iðnaðarvörum kosti Dani yfir níu milljarða króna á ári hverju.

**» Unglingunum er bent á að nota ilmefnalausan svitalyktareyði.**

SR

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

# JÓLA FJÖR



með

## Bergrúnu Írisi

**1. desember**, kl. 17.00
**Silfurberg**

STJÓRNANDI OG ÚTSETJARI
Haukur Gröndal
GESTASÖNGVARI
Ragnheiður Gröndal



## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Tilboð eða tímagjald. Uppl. í s: 778 0100.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Lítið notuð rafmagns runna sláttuvél til sölu. Verð 19.000 kr. Einnig hraðsuðupottur verð 8.000 kr. Uppl. s: 865-9890.

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**NUDD.**
Nuddstofan, opið frá 10-19. Einnig um helgar S. 832 8863.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Til leigu 2ja herb. íbúð, langtímaleiga. Vesturbær Kóp. Tilboð og uppl. í síma: 692-6910

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- Tilboð 9.500.-
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Atvinnuauglýsingar | job

## Forstjóri

intellecta

Laus er til umsóknar staða forstjóra á Reykjalundi endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Leitað er að öflugum einstaklingi í krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarf þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð. Um er að ræða 100% stöðu sem veitist frá 1. janúar 2020 eða eftir nánara samkomulagi.
Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Thelma Kristín Kvaran (**thelma@intellecta.is**) í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með **25. nóv.**
Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is**

## Verkefnastjóri framkvæmda

intellecta

Ríkiseignir óska eftir að ráða verkefnastjóra sem kemur fram fyrir hönd Ríkiseigna sem upplýstur og kröfuharður kaupandi að hönnun, eftirliti og framkvæmdum.
Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (**thelma@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225.
Umsóknarfrestur er til og með **18. nóv.**
Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is**

## Verkefnastjóri eignaumsýslu lands og jarða

intellecta

Ríkiseignir óska eftir að ráða verkefnastjóra til að annast hagsmunagæslu og stuðla að verðmætasköpun við nýtingu lands, jarða og auðlinda í eigu ríkisins.
Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (**thelma@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með **18. nóv.**
Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is**

## Mannauðsstjóri

Eignarhaldsfélagið Hornsteinn ehf. leitar að öflugum aðila til þess að bera ábyrgð á mannauðsmálum félagsins og dótturfélaga.

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **10. nóv.**

## Forstöðumaður sölu

Iceland Travel leitar að framsæknum og kraftmiklum forstöðumanni, sem er tilbúinn að leiða öflugt söluteymi og leita vaxtatækifæra á alþjóðamarkaði. Forstöðumaður sölu fer fyrir öllu sölustarfi á afþreyingarmörkuðum Iceland Travel og ber ábyrgð á að þjónustuframboð sé arðbært og í takt við stefnu félagsins..

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **10. nóv.**

## Móttökufulltrúi

Efling stéttarfélag leitar að móttökufulltrúa í fullt starf á skrifstofum félagsins sem getur hafið störf sem fyrst. Við hvetjum áhugasama til að sækja um óháð kyni og uppruna.

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **12. nóv.**

## Sviðsstjóri Þjónustu- og Upplýsingasviðs - Félagsbústaðir

Sviðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á starfsemi þjónustu-og upplýsingasviðs, stjórnun og samhæfingu verkefna, áætlanagerð og eftirfylgni.

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **11. nóv.**

## Sjá nánar á job

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626



Kjarvalsstóllinn

**HÖNNUN: SVEINN KJARVAL**
Hannaður 1962

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

epal



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 12 |
| Ísafjörður | -2 | 4 |
| Akureyri | 0 | 2 |
| Egilsstaðir | 0 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 8 |
| Hveravellir | -4 | 9 |

Suðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og dálítil él á víð og dreif, einkum á Vesturlandi og síðar norðvestan til, en léttskýjað norðaustan og austanlands. Bætir í vind vestast í kvöld. Frostlaust að deginum við suður- og vesturströndina, annars frost 0 til 10 stig, kaldast fyrir norðan. Hiti 0 til 5 stig sunnan- og vestan til, en annars vægt frost.

## Laugardagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 4 |
| Ísafjörður | 0 | 3 |
| Akureyri | 3 | 2 |
| Egilsstaðir | 4 | 11 |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 6 |
| Hveravellir | 0 | 7 |

## Sunnudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 10 |
| Ísafjörður | 0 | 4 |
| Akureyri | -2 | 1 |
| Egilsstaðir | 3 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 8 |
| Hveravellir | 1 | 12 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Rifa
5 Léreft
6 Skima
8 Árans
10 Í röð
11 Megnaði
12 Brak
13 Stífa
15 Tilorðning
17 Véla

**LÓÐRÉTT**
1 Misfarast
2 Stefnu
3 Þangað til
4 Kk nafn
7 Ákafi
9 Taminn
12 Mylja
14 Málmur
16 Tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | 9 | | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 glufa, 5 lín, 6 gá, 8 ansans, 10 tu, 11 gat, 12 marr, 13 stoð, 15 tilurð, 17 narra.
**LÓÐRÉTT:** 1 glatast, 2 línu, 3 uns, 4 agnar, 7 ástríða, 9 agaður, 12 mola, 14 tin, 16 rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Kretschmar átti leik gegn Laue í Eisenach árið 1951.

**1. Dxg8+! Kxg8 2. Hh8+ Kxh8 3. Bf7# 1-0.** Þór Valtýsson, Tinna Kristín Finnbogadóttir og Sigurjón Þór Friðþjófsson eru efst og jöfn á U-2000 móti með 3½ vinning að loknum fjórum umferðum.
**www.skak.is:** U-2000 mótið.

**Hvítur á leik**




# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið



**Vinnur við að rannsaka eigið líf**
**Dovelyn Rannveig Mendoza** ólst upp í fátækrahverfum Maníla á Filippseyjum en starfar nú sem sérfræðingur á sviði fólksflutninga. Fjölskylda hennar kom fótunum undir sig á Íslandi þar sem þau fengu tækifæri til betra lífs.



**Ólíkt öllu öðru**
Fíkniefnið **Spice** hefur lagt undir sig fangelsið á Litla-Hrauni og erfitt er að fást við það.

**Vigdís og Rán**
Barnabók um **fyrsta kvenforsetann.** „Ef hún gat það þá get ég það."



**Að gefa start** Hvernig á að **gefa bíl start?** Fagmaður kennir réttu handtökin fyrir veturinn þegar margir lenda í vandræðum með rafgeyminn.

**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NESBØ SNÝR AFTUR

★★★★★ VG




Harry Hole flækist inn í martraðarkennda atburðarás sem hann hefði ekki getað óskað sínum versta óvini.

„Hnífur er án efa besta bókin í seríunni um Harry Hole … óbærilega spennandi.“
The Wall Street Journal

„Bækurnar hans eru einfaldlega ávanabindandi.“
Vanity Fair

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–16

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Réttur mánaðarins



**Fullelduð**
Bolognese kjötsósa

1kg

3stk.

Samtals
**1.555 kr.**

**Bónus Bolognese Kjötsósa**, 1 kg, 998 kr.
**Hatting Hvítlauksbrauð**, 3 stk., 298 kr.
**Barilla Spaghetti**, 1 kg, 259 kr.

2l



ÍSLENSK
framleiðsla

**195** kr./2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar

SAMA VERÐ
UM LAND ALLT



**79** kr./330 ml

**Egils Appelsín**
venjulegt og sykurlaust, 330 ml



**129** kr./4 stk.

**HP Flatkökur**
4 stk. í pakka, 180 g



**359** kr./770 g

**Myllu Heimilisbrauð**
770 g

**Lágkolvetna**
**Próteinbrauð**
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12 g kolv. pr. 100 g



**398** kr./420 g

**Bónus Próteinbrauð**
420 g

500g



**845** kr./500 g

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Íslenskar sósur
Unnar úr íslensku hráefni




AÐEINS AÐ HITA

**498** kr./500 ml

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml
**Brún Sælkerasósa,** 500 ml

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

## Nýtt í Bónus




**1.598** kr./kg

**ÍL Veislu Lambalæri**
Ferskt, með reyktum pipar og kryddjurtum

Lúxus
## Pörusteik



**1.395** kr./kg

**SG Grísahryggur**
Fersk pörusteik

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




**298** kr./250 g

**Bónus Bóndabeikon**
Pressað, 250 g

2,3kg




## Robin Klementínur

**795** kr./ks.

**Robin Klementínur**
2,3 kg

## Jólailmur




**998** kr./stk.

**Ilmkerti 3ja þráða**
368 g, 5 teg.

# BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# FRÉTTABLAÐIÐ MENNING

**Hvað?**
**Hvenær?**
**Hvar?**
Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. NÓVEMBER 2019

### Dans

**Hvað?** Tangó praktika og milonga
**Hvenær?** 21.00-24.00
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustig
Dj er Svanhildur og gestgjafar Jóhanna&Hallur.

### Orðsins list

**Hvað?** Eftir afplánun
**Hvenær?** 8.15
**Hvar?** Háholt í Gerðubergi
Velferðarráð Reykjavíkur býður í morgunkaffi og umræður um málefni fanga.

**Hvað?** Argentína í efnahagskreppu
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Oddi, Háskóla Íslands
Javier Díaz Bay lektor flytur erindi á ensku.

**Hvað?** Andri Snær Magnason með opinn fyrirlestur- ÞOLMÖRK 2
**Hvenær?** 12.15-13.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti

**Hvað?** 100 ára afmæli Zonta
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Borgir – HA
Málþing um verkefni Zonta, innanlands og á alþjóðavettvangi. Tónlist og veitingar.

**Hvað?** Innsæi í myndlist
**Hvenær?** 17.00-19. 00
**Hvar?** Gerðarsafn, Kópavogsi
**Edward** de Boer, rithöfundur og þjálfari fjallar um innsæi í tengslum við verk Rudolfs Steiner og Joseph Beuys.

### Tónlist

**Hvað?** Nordic Sound Waves
**Hvenær?** 15.00-18.45
**Hvar?** Norræna húsið
Ungt norrænt tónlistarfólk tekur gesti með í afslappað ferðalag.

**Hvað?** Bjarni Sveinbjörnsson og hljómsveit
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Múlinn Björtuloftum, Hörpu
Bráðhressandi fönk-skotinn bræðingur. Miðaverð 2.500, en 1.500 kr. f. nema og eldri borgara.

### Aðrir viðburðir

**Hvað?** Opið hús
**Hvenær?** 13.00 -16.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti 11, Laugarnesvegi 91 og Skipholti 31

**Hvað?** Verslunin Brynja 100 ára
**Hvenær?** 14.00-18.00
**Hvar?** Brynja, Laugavegi 29
Allir velkomnir í kaffi og kökur.

**Hvað?** Ítölsk gamanmynd
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Veröld – Hús Vigdísar
Ráðherrann eftir Giorgio Amato sýnd ókeypis í boði Salento kvikmyndahátíðarinnar. Leikstjórinn svarar spurningum á eftir. Myndin er sýnd með enskum texta.


**Sumt stendur bara í ljóðum og hvergi annars staðar, segir Einar Már.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Brennandi spurningar og stemningar

**Einar Már Guðmundsson sendir frá sér nýja ljóðabók. Fegurðin, ástin, efinn og óttinn koma þar meðal annars við sögu. Segist alltaf vera að yrkja sig inn í heiminn.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Til þeirra sem málið varðar er ný ljóðabók eftir Einar Má Guðmundsson. „Á næsta ári, 2020, verð ég búinn að skrifa og gefa út í fjörutíu ár. Þegar ég horfi til baka þá eru ákveðnir tímar sem eru ljóðatímar. Í byrjun sendi ég frá mér þrjár ljóðabækur, 1980 og 1981. Tíu árum seinna komu tvær ljóðabækur með fimm ára millibili, árin 1991 og 1995, og áratug síðar, árið 2006, rann upp annað ljóðatímabil með einni ljóðabók, og svo núna góðum áratug síðar kemur þessi ljóðabók, Til þeirra sem málið varðar. Þetta er svona stutta útgáfan,“ segir Einar Már. „Ljóðin eru auðvitað sjálfstæð og heimur út af fyrir sig en tengjast oft leit að nýjum efnivið og nýrri stemmingu. Maður er alltaf að yrkja sig inn í heiminn. Og þetta hefur eitthvað með tungumálið að gera, stílinn, hinn innri heim orðanna. Ég hóf ljóðagerðina með mikilli yfirlýsingagleði og sannfæringarkrafti. Maður byrjar á Nei-inu. Síðan koma spurningarmerkin og stemmingarnar.“

### Hallur undir einfaldleikann

Til þeirra sem málið varðar er ljóðabálkur sem skiptist í sjö hluta og inniheldur 32 erindi. Um yrkisefnin segir Einar Már: „Einhvers staðar í bókinni er talað um stöðuna, tilveruna sem er flóknari en lífið og flækir það stöðugt. Samt er ég nú frekar hallur undir einfaldleikann í þessari bók. Ég vil nú ekki segja margt því ég vil að ljóðin komi til lesandans án leiðbeininga frá mér. Ég get þó sagt að þarna er margt á sveimi, ekki bara fuglar heldur margt annað í alheiminum, fegurðin, ástin, efinn og óttinn. Svo er auðvitað hægt að lesa sögu, ólíkir tímar skjóta upp kollinum, en ég þori ekki að fara nánar út í þá sálma.“

Spurður hvort hann hafi unnið að bókinni í langan tíma segir Einar Már: „Þetta verður til á löngum tíma en gerist stundum allt í einu. Setningar og brot lenda í hausnum. Svo kemur einhver rödd og segir: Nú ert þú að skrifa ljóð, nú ert þú að að yrkja, og þá er ekkert annað í stöðunni.“

### Lífsspeki ljóðsins

Einhver sérstök áhrif? „Aðallega brennandi spurningar. Og stemmingar. Staða okkar í heiminum. Leit. Það rekur alltaf eitthvað nýtt

> KREPPA NÚTÍMANS ER SKORTUR Á PÓESÍU OG PÓESÍAN ER BARÁTTA GEGN TÓMLEIKANUM OG ÞAR MEÐ EITT RÓTTÆKASTA AFLIÐ SEM NÚ ER Á SVEIMI.

á fjörurnar en sum ljóð og sum skáld les maður aftur og aftur. Sigfús Daðason hefur alltaf fylgt mér og Tomas Tranströmer er góður félagsskapur. Þeir búa báðir yfir einfaldleika og dýpt. Bara svo dæmi sé tekið. Þegar ég var unglingur var mikil ljóðlist í loftinu. Bókin Erlend nútímaljóð skipti miklu máli, þýðingar íslenskra skálda á ljóðum frá ýmsum löndum. Skáldskapurinn kom til manns úr öllum áttum. Svo hélt maður bara áfram að pæla. Það er oft talað um það að á þessum tíma hafi ekkert verið að gerast og Ísland hafi verið óskaplega einangrað en það var alveg þveröfugt. Áhrifin komu úr öllum áttum og Ísland var kraumandi pottur eins og alltaf. „There was music in the cafés at night and revolution in the air,“ eins og Bob Dylan orðaði það. Nokkuð svipað og núna þó að allt sé meira inni í hausnum og stafrænna og skrýtnara og meira feik og mikil yfirborðsmennska.“

Er ljóðið þá pólitík? „Já, andleg pólitík. Ljóðið er hvorki tilfinning né viska heldur eitthvað þar á milli. Þess vegna getur ljóðið orðað það sem ekki verður orðað. Sumt stendur bara í ljóðum og hvergi annars staðar. Þetta hefur verið ljóst alveg síðan í fornöld. Ljóðið er lífsspeki út af fyrir sig eða eins og skáldið sagði: „Það er fátt að frétta í ljóðum, en engu að síður deyja margir á ömurlegan hátt vegna skorts á því sem þar er að finna.“ Kreppa nútímans er skortur á póesíu og póesían er barátta gegn tómleikanum og þar með eitt róttækasta aflið sem nú er á sveimi. Krafa hennar um innihald, raunverulegt innihald, þýðir miklar breytingar, mikinn söngleik.“



Sýningin er þriðja myndlistarsýning Þórdísar hér á landi síðan 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Innra líf og umhverfi

**Þórdís Aðalsteinsdóttir sýnir í Tveimur hröfnum. Fléttar saman efnivið úr samtímanum, listasögunni og eigin upplifun.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þórdís Aðalsteinsdóttir sýnir sjö nýleg verk á sýningunni Óáreiðanleg vitni í Tveimur hröfnum listhúsi á Baldursgötu. Þetta er þriðja myndlistarsýning Þórdísar hér á landi síðan 2006.

Málverkið fyrir miðju salarins vísar til Voltairine de Cleyre. „Voltairine, amerískur anarkisti sem barðist fyrir frelsi kvenna, sagði: Sá sem er ekki fær um að elska náttúruna alla, er ekki fær um að elska yfirhöfuð. Ást og anarkía var því undiraldan í þessu verki,“ segir Þórdís. „Ég las grein um Voltairine í NY Times og meðfylgjandi var mynd sem virtist vera tekin af henni sitjandi í gluggakistunni minni í New York, haldandi á sama kettlingi og kom inn á heimili mitt úr skóginum tæpum hundrað árum eftir að Voltairine lést.“



Mynd Þórdísar af Voltairine de Cleyre.

### Einblínir á það fallega

Á annarri mynd, titluð Hundur í vinnustofu í Berlín, sést svartur hundur liggja á trégólfi með gulan kaffibolla sér við hlið. Hönd klædd í sóttvarnarhanska teygir sig inn á myndflötinn og klappar hundinum, úr spenum hundsins flæðir mjólk. Í texta Þórdísar í sýningarskrá segir: „Svartur hundur drekkur með mér morgunkaffi þar sem ég átti að vera örugg í fjarlægðinni. Við drekkum úr bollum ömmu minnar vegna viðkvæmra minninga og einnig heillumst við af litum og mynstri sjöunda áratugarins.“

Þórdís segir málverkin á sýningunni flétta saman efnivið úr samtímanum, úr mannkyns- og listasögunni, og persónulegri upplifun. „Það er alltaf köttur eða kettir í kringum mig, suma þekki ég ekkert og einhverjir þeirra ganga jafnvel í sokkabuxum. Þegar ég vann sýninguna reyndi ég að einblína á það fallega og í verkunum eru óljós mörk milli innra lífs og umhverfisins.“

### Þögul vitni

Um titilinn Óáreiðanleg vitni segir hún: „Titillinn kom upp úr textanum sem ég skrifaði með sýningunni. Textinn vísar til katta sem óáreiðanlegra vitna; dýrin eru þögul vitni að tilvist okkar og mismannúðlegum gjörðum. Mér finnst titillinn líka eiga vel við verkin í sýningunni, þau eru grunsamlega óáreiðanleg.“

Þórdís, sem er í hópi virtustu myndlistarmanna þjóðarinnar, skiptir tíma sínum að mestu á milli New York og Reykjavíkur en síðasta vetur dvaldi hún í Mexíkó. „Það er öflugt myndlistarlíf í Mexíkó, mikið af frábærum söfnum og galleríum og þar sá ég margar sterkar og spennandi sýningar. Þær myndir sem ég málaði í Mexíkó sýni ég á næstu einkasýningu minni sem verður opnuð í Taipei núna í vor.“

## Ítalskar myndir á ókeypis sýningum

Þrjár ítalskar kvikmyndir verða á hvíta tjaldinu í Veröld – húsi Vigdísar í kvöld og á morgun í boði Salento kvikmyndahátíðarinnar.

Þetta eru gamanmyndin Ráðherrann eftir Giorgo Amato sem verður sýnd í kvöld klukkan 19.00. Hún er frá 2016 og fjallar um viðskiptamann sem reynir að ná samningum um verkefni fyrir hið opinbera með því að halda kvöldverðarboð fyrir ráðherra. Þar fer allt á versta veg.

Á morgun, 9. nóvember, klukkan 18.00, verður Kyrrlát sæla, eftir Edorado Winspeare sýnd. Það er hugljúf mynd frá 2014 um þrjár kynslóðir kvenna sem þurfa að aðlagast fábrotnum lífsstíl eftir gjaldþrot fyrirtækis þeirra. Klukkan 20.30 er komið að myndinni Örkin í Disperata sem er einnig eftir Winspeare. Hún er frá 2017 og fjallar um bæjarstjóra sem sækir sér lífsfyllingu með því að kynna föngum ljóð og aðrar bókmenntir. Úr því skapast óvenjuleg vinátta.

Myndirnar eru sýndar með enskum texta og aðgangur er ókeypis á þær allar. Leikstjórarnir og aðalleikkona beggja mynda Winspeares, Celeste Casciaro, kynna myndirnar og svara spurningum eftir sýningarnar. – gun



Giorgio Amato og kona hans Giulia á frumsýningu Ráðherrans í Róm 2016. MYND/GETTYIMAGE










Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Íslenskt alla helgina



| | |
|---|---|
| Kappsmál | fös. kl. 19.45 |
| Vikan | fös. kl. 20.40 |
| Sporið | lau. kl. 19.45 |
| Silfrið | sun. kl. 11.00 |
| Stundin okkar | sun. kl. 18.00 |
| Landinn | sun. kl. 20.00 |
| Fyrir alla muni | sun. kl. 20.30 |
| Pabbahelgar | sun. kl. 21.00 |

RÚV okkar allra



# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35** **Kastljós**
**12.50** **Menningin**
**13.00** **Útsvar 2018-2019**
**14.15** **Enn ein stöðin**
**14.40** **Séra Brown**
**15.25** **Hundalíf**
**15.30** **Söngvaskáld**
**16.20** **Íþróttagreinin mín – Taekwondo**
**16.50** **Fyrir alla muni**
**17.20** **Landinn**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.29** **Tryllitæki**
**18.36** **Krakkastígur**
**18.40** **Krakkavikan**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Veður**
**19.45** **Kappsmál** Skemmtiþáttur um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar. Þátttakendur etja kappi í taugatrekkjandi stöfunarkeppni og sérhannaðri útgáfu af hengimanni og ýmsum öðrum þrautum. Framleiðsla: Skot í samstarfi við RÚV.
**20.40** **Vikan með Gísla Marteini** Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna. Dagskrárgerð: Guðmundur Einar. Stjórn útsendingar: Salóme Þorkelsdóttir.
**21.25** **Á vit draumanna** Breskir gamanþættir um hjónin Mal og Jen sem ákveða að flýja rigninguna í Bretlandi og flytjast til Flórída þar sem þau taka við rekstri á hjólhýsasvæði. En lífið í Ameríku reynist ekki alveg jafn ljúft og þau höfðu gert sér í hugarlund. Aðalhlutverk: John Crosby, Rosie Day og Philip Glenister.
**22.10** **Barnaby ræður gátuna – Réttur til frelsis** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham um Barnaby lögreglufulltrúa sem glímir við morðgátur í ensku þorpi. Þegar ríkur landeigandi deyr og lík hans hverfur þarf Barnaby að vinna sig í gegnum vef leyndarmála og lyga í bænum Little Malton. Meðal leikenda eru Neil Dudgeon og Gwilym Lee. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.40** **Right at Your Door** Spennutryllir frá 2006. Myndin segir frá hjónunum Lexi og Brad sem búa í Los Angeles. Dag einn þegar Lexi er í miðborginni er gerð hryðjuverkaárás á borgina þar sem efnavopnum er beitt. Eiginmaður hennar neyðist til að loka heimili þeirra af til að verja sig gegn eiturefnunum sem dreifast um borgina og þegar Lexi snýr aftur kemst hún ekki inn á heimili sitt. Leikstjóri: Chris Gorak. Aðalhlutverk: Mary McCormack, Rory Cochrane og Tony Perez. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.10** **Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.05** **HSBC Champions**
**13.40** **TOTO Japan Classic**
**17.40** **Golfing World 2019**
**18.30** **Bermuda Championship**
**21.30** **The Zozo Championship**
**00.15** **Golfing World 2019**
**01.05** **PGA Highlights 2019**
**02.00** **TOTO Japan Classic**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.41** **The Late Late Show**
**09.21** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.24** **The King of Queens**
**12.48** **How I Met Your Mother**
**13.09** **Dr. Phil**
**13.50** **Family Guy**
**14.12** **The Voice US**
**14.55** **Top Chef**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Late Late Show**
**19.00** **America's Funniest Home Videos**
**19.20** **Will and Grace**
**19.45** **Man with a Plan**
**20.10** **The Voice US**
**21.40** **The Ledge**
**23.25** **Rocky 2**
**01.20** **The Late Late Show**
**02.05** **The First**
**02.55** **Mayans M.C.**
**03.55** **Kidding**
**04.20** **Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Í ljósi sögunnar**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Óskastundin**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Mannlegi þátturinn**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Samfélagið**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Heimskviður**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **Sögur af landi**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Skyndibitinn**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Lestarklefinn**
**18.00** **Spegillinn**
**18.30** **Múrinn**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Flugur**
**19.45** **Lofthelgin**
**20.35** **Mannlegi þátturinn**
**21.30** **Kvöldsagan: Að breyta fjalli**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Samfélagið**
**23.05** **Lestarklefinn**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30** **Office Space**
**14.00** **Swan Princess: A Royal Family Tale**
**15.25** **Overboard**
**17.15** **Office Space**
**18.45** **Swan Princess: A Royal Family Tale**
**20.10** **Overboard**
**22.00** **The Game**
**00.05** **Like.Share.Follow**
**01.35** **We Don't Belong Here**
**03.05** **The Game**

## STÖÐ 2

**08.00** **Friends**
**08.20** **Grey's Anatomy**
**09.05** **Bold and the Beautiful**
**09.25** **Brother vs. Brother**
**10.10** **Famous In Love**
**10.55** **The New Girl**
**11.20** **Hand í hand**
**12.05** **Lose Weight for Good**
**12.35** **Nágrannar**
**12.55** **Road Less Travelled**
**14.20** **A Dog's Way Home**
**15.55** **Scooby-Doo & Batman: The Brave and the Bold**
**17.10** **Margra barna mæður**
**17.38** **Bold and the Beautiful**
**18.01** **Nágrannar**
**18.28** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Sportpakkinn**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Föstudagskvöld með Gumma Ben** Fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna í beinni útsendingu.
**20.00** **X-Factor Celebrity.**
**21.25** **Share** Raunsæ og átakanleg mynd frá HBO sem fjallar um unglingsstúlkuna Mandy sem fær skilaboð frá vinum sínum um að það sé myndband á Netinu sem sýnir unga konu sem líkist henni verða fyrir kynferðisárás. Kvikmyndin er byggð á samnefndri og margverðlaunaðri stuttmynd eftir Pippu Bianco sem lýsir þeim aðstæðum sem við búum við í dag vegna tilkomu snjalltækja. Nútímasamskipti geta skyndilega snúist upp í andhverfu sína og valdið einangrun og vanlíðan.
**22.55** **Rocky Horror Picture Show: Let's Do the The Warp Again**
**00.20** **The Meg** Hrollvekja af bestu gerð frá 2018. Vísindamönnum og áhöfn neðansjávarrannsóknarstöðvarinnar Mana One bregður í brún þegar forsögulegur risahákarl birtist skyndilega úr undirdjúpunum og laskar stöðina það mikið að þeim er bráður bani búinn komist þau ekki fljótlega upp á yfirborðið.
**02.10** **Native Son**
**03.50** **A Dog's Way Home**

## STÖÐ 3

**19.15** **The Middle**
**19.40** **The Big Bang Theory**
**20.00** **Friends**
**20.25** **Seinfeld**
**20.50** **The Simpsons**
**21.15** **American Dad**
**21.40** **Barry**
**22.15** **Castle Rock**
**23.10** **Euphoria**
**00.05** **The Middle**
**00.30** **The Big Bang Theory**
**00.50** **Friends**
**01.20** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** **Stoke - West Brom**
**08.45** **Astana - AZ Alkmaar**
**10.25** **Lazio - Celtic**
**12.35** **Seinni bylgjan - Fjórðungsuppgjör**
**13.40** **Grindavík - Stjarnan**
**15.20** **Manchester United - Partizan**
**17.00** **La Liga Report 2019/2020**
**17.30** **Evrópudeildarmörkin 2019/2020**
**18.20** **Valur - Njarðvík**
**20.10** **KR - Tindastóll**
**22.10** **Dominos Körfuboltakvöld karla**
**23.50** **UFC Fight Night: Maia vs. Askren**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin
















**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Peysur þurfa ekki að vera einlitar, ekki hika við að klæðast litríkum og öðruvísi peysum til að hleypa smá birtu inn í skammdegið.



Það er töff að klæðast víðri peysu við pils og stígvél þótt veðrið bjóði kannski ekki alltaf upp á það.



Þykkt og hlýtt pesyuvesti, sem eflaust gengur ekki alveg jafn vel upp í íslensku veðri og vindum. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Síðar peysur eru frábærar þegar maður nennir ekki að pæla of mikið í fatavalinu, það er nóg að skella sér í þykkar leggings við. Þessi fæst í H&M.



Zara er alltaf með puttann á púlsinum og gefur þessi klassíska hvíta kaðlapeysa ekkert eftir í smartheitum.

# Aldrei of mikið af peysum

Í vetrarvindum og frosti er fátt betra en að skella sér í hlýja peysu. Það einfaldar brasið við klæðavalið á morgnana og svo er líka fátt meira kósí en þykk og þægileg peysa.

Nú þegar haustið mætir vetri er kominn tími til að draga fram hlýjustu peysurnar og klæðast þeim til skiptis, helst bara þar til fer að vora á ný. Það er ekkert betra en þægileg og falleg peysa sem maður getur nánast týnst í, svona í vetrarkuldanum. Það er ekki bara afslappað heldur einfaldar gott safn af fallegum kósí peysum fatavalið á nöprum vetrarmorgnum þegar mann langar helst bara til að skríða undir sæng. Þá er um að gera leita í það næstbesta; hlýja og góða peysu. steingerdur@frettabladid.is



Skemmtileg grængul peysa sem fæst í verslunum H&M.



Lillablá peysa frá Zara.



Ótrúlega flott og kósí peysa sem gengur jafn vel með blúndupilsi og við gallabuxur.



Falleg ljósblá peysa frá Zara.


Extra
CHEW FOR
CHANGE
TYGGÐU EXTRA
TIL GÓÐRA VERKA
MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAÞORPIN
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA
Í SAMSTARFI VIÐ
WRIGLEY'S
Extra
SOS
BARNAÞORPIN
Öll börn vilja gott heimili
Í OKTÓBER OG NÓVEMBER 2019



Jack Magnet og Hermigervill eru búnir að greiða úr snúruflækjunni og tilbúnir ti þess að taka flugið á svuntuþeysunum og sörfa hinar margrómuðu íslensku loftbylgjur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Jakob Segulmagnaði í rafmögnuðu ryki

Þegar **Jakob Frímann** var Jack Magnet í upphafi níunda áratugarins leitaði hann að hinum tæra bossanova-tóni í Brasilíu en fann hinn elektróníska frumtón sem síðar ómaði á tímamótaplötu sem fær uppreist æru á Airvawes í kvöld.

Eins og vandlega hefur verið fært til bókar í íslenskri tónlistarsögu var Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon á öndverðum níunda áratugnum Jack Magnet og sinnti köllun sinni í Los Angeles.

Í þeirri háborg afþreyingarmenningarinnar kitlaði brasilíska tónlistargoðsögnin Sérgio Mendes hann með bossanova-tónum sem urðu honum slíkur innblástur að hann hélt suður á bóginn í bossanova-leiðangur. Þetta reyndist ferð með óræð fyrirheit þar sem Jakob sneri aftur með raftónlistarveislu og heimildarmyndina Brasilíufararnir í farangrinum.

Uppnuminn af hinum elektróníska frumtóni gerði hann tímamótaplötuna A Historical Glimpse of the Future ásamt tónlistarmanninum tæknivædda Alan Howarth og þar sem Jakob dansar í takt við örlaganornirnar ætlar hann af ærnu tilefni að dusta rykið af plötunni á Airwaves í Gamla bíói í kvöld.

**Leitin að nýja tóninum**

„Ætli það megi ekki segja að Brasilíuförin hafi kveikt rafræna neistann, að Brasilíufararnir hafi markað upphaf tölvutónlistar Frímannsins eða eitthvað svoleiðis,“ segir Jakob sem verður Magnet aftur í kvöld.

Bossanova-kóngurinn Sérgio Mendes er ekki síst þekktur fyrir að blanda djassi og fönki saman við suðuramerísku tónlistina og hermt er að hann hafi séð eitthvert gull í Jakobi þegar leiðir þeirra lágu saman í borg englanna.

„Sérgio Mendes var búinn að bóka fyrir mig bæði hljóðver og hljóðfæraleikara til þess að gera bossanova-plötu en síðan eiginlega breyttist sú Brasilíuför í þessa kvikmyndagerð,“ rifjar Jakob upp. „Þannig að í staðinn fyrir bossanova-plötu varð til kvikmynd og í staðinn fyrir að bossanova-músíkin yrði notuð í kvikmyndina höfst þarna þessi tölvuleiðangur vegna þess að bossanova var ekki komið til sögunnar á tíma Brasilíufaranna.“

**Fyrstu landflóttamennirnir**

„Þetta er heimildarmynd um fyrstu landflóttamenn Íslands sem ég gerði 1981 og var sýnd í Sjónvarpinu nokkrum sinnum,“ segir Jakob um myndina sem enn er mörgum sem þá voru komnir til ára og einhvers vits enn í fersku minni.

Brasilíufararnir eru 39 Íslendingar sem fluttust búferlum til Brasilíu á árunum 1863 og 1873 og settust að í því sem síðar varð vagga bossanova-tónlistarinnar og enn síðar rafmögnuð tónlistaruppspretta Jakobs.

> ÆTLI ÞAÐ MEGI EKKI SEGJA AÐ BRASILÍUFÖRIN HAFI KVEIKT RAFRÆNAN NEISTANN, AÐ BRASILÍUFARARNIR HAFI MARKAÐ UPPHAF TÖLVUTÓNLISTAR FRÍMANNSINS EÐA EITTHVAÐ SVOLEIÐIS.

Þegar kom að því að finna tónlist við hæfi fyrir heimildarmyndina stóð Jakob frammi fyrir því að bossanova var tímaskekkja og íslensk þjóðlög hæfðu eiginlega ekki heldur. „Þannig að þá brá ég á það ráð að fara inn í þennan eiginlega nýbakaða elektróníska heim og tölvutónlistin er því „innblásin“ af Brasilíuförunum innan gæsalappa.

**Spámaður fjarri föðurlandinu**

Hljóðgervlarnir, svuntuþeysarnir, hljómborðin sem Jakob lýsir sem hálfgerðum forngripum í dag voru þarna mikil nýmóðins furðuverk og tónarnir sem frá þeim flæddu svifu síðan yfir og mörkuðu varanlega tónlist áratugarins sem kenndur er við „sítt að aftan“ og nýrómantík.

Þetta var sem sagt dálítið skemmtilegt verkefni og þegar búið var að klára kvikmyndina og tónlistina við hana þá var þessu skellt saman á hljómplötu sem fékk þetta ágæta heiti A Historical Glimpse of the Future, Söguleg innsýn í framtíðina, sem segja má að á vissan hátt hafi dálítið gengið eftir. Svona eftir á að hyggja meira en mig grunaði.“



Tæknitröll Jakobs gekk í björg þannig að sjálfur Hermigervill var kallaður út. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> ÞAÐ ER ANSI LÍKLEGT AÐ ÞETTA VERÐI AÐEINS Í BOÐI ÞETTA EINA SINN. HIMINTUNGLIN RÖÐUÐU SÉR BARA UPP ÞANNIG NÚNA OG EITT LEIDDI AF ÖÐRU.

**Aftur til fortíðar**

A Historical Glimpse of the Future braust nýlega undan bláum skugga fortíðar og reyndist standast tímans tönn jafnvel betur en popplag í G-dúr þannig að Jakob mat stöðuna svo að réttast væri að dusta rykið af plötunni almennilega af plötunni á sviði. Og það í gamla bíóinu.

„Bandaríska útgáfufyrirtækið Strange Disc Records hafði samband við mig í sumar og vildi fá að gefa þetta út á vínyl, segir Jakob og ljóst að fyrirtækið er með allt á hreinu þar sem „fyrsta upplagið seldist upp án tafar og það kom annað upplag“, segir Jakob.

„Og þannig kom þetta Iceland Airwaves-gigg til og þar sem Alan Howard er genginn fyrir alllöngu í björg Stevens Spielberg, sem hans umhverfishljóðameistari og svona, þá fékk ég einn af þeim sem fremstur gæti talist meðal jafningja á Íslandi, sjálfan Hermigervil, Sveinbjörn Thorarensen Björnsson, Mezzoforte-stofnanda, til þess að ganga í þetta með mér,“ segir Jakob, sem fer yfir málin í mun lengra máli á Fréttablaðið.is í dag.

**Engin leið að hætta**

„Það verður sem sagt korter yfir níu í kvöld í Gamla bíói sem þetta verður keyrt af stað,“ heldur Jakob áfram. „Og tryggð haldið, skulum segja, við gömlu hljóðgervlana og þau tól sem notuð voru og flokkast flest undir það sem kallað er „retró“ í dag.

Þetta er skemmtilega gamall og fallegur gír sem verið er að dusta rykið af. En það er ansi líklegt að þetta verði aðeins í boði þetta eina sinn. Himintunglin röðuðu sér bara upp þannig núna og eitt leiddi af öðru,“ segir Stuðmaðurinn sem sér þó enga leið til að hætta í bransanum.

„Sú tilhugsun hefur eiginlega aldrei ratað til mín og ef það skyldi gerast þá mun ég taka upp sæmdarheitið Helgisteinn og láta þar við sitja.“ Hæpið, þar sem tónlistin er æskubrunnur Jakobs og hann heldur sér ekki síst ungum með því að stíga á svið. **toti@frettabladid.is**




**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


TREVOR NOAH
LOUD & CLEAR
26. MAÍ 2020
LAUGARDALSHÖLL
MIDASALA HEFST
Í DAG KL. 10 Á TIX.IS!
VÍKING BRUGGHÚS
SENALIVE.IS/TREVOR
sena
LIVE

# TÓNLIST ALDANNA!

TILBOÐSVERÐ:
**8.499.-**
Verð áður:
9.999.-




Tónlist liðinna alda

**Tónlist liðinna alda segir sögu 70 laga frá 700 árum.**
**Öll bestu lögin frá 1100-1800 saman í einni bók. Hlustaðu á meðan þú lest!**
**Safn með lögum úr bókinni er í albúminu Tónlist liðinna alda á Spotify.**

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON




Án filters
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.499.-




Af flugum, löxum og mönnum
**TILBOÐSVERÐ: 8.299.-**
Verð áður: 9.999.-




Höpp og glöpp
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




Gullöld revíunnar
**TILBOÐSVERÐ: 7.399.-**
Verð áður: 8.999.-




Fjötrar
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




Villueyjar
**TILBOÐSVERÐ: 4.399.-**
Verð áður: 5.499.-




Gústi
**TILBOÐSVERÐ: 6.799.-**
Verð áður: 8.399.-




Björn og Sveinn
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 5.999.-




Kindasögur
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.799.-




Ólyfjan
**TILBOÐSVERÐ: 2.799.-**
Verð áður: 3.499.-




Hvísl hrafnanna (3. bók)
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.299.-




Sæþokan
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 4.499.-

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er til og með 11. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Pörfektó

Þvert á ráðleggingar Njáls heitins á Bergþórshvoli ætla ég að höggva í sama loftslagsknérunn. Læt samt ESB liggja milli hluta þar sem öllu má nú ofgera.

Betur má ef duga skal en að flokka pappír og plast og náttúrunni verður tæpast bjargað nema tannhjól tískunnar, knúin hégóma og barnaþrælkun, verði stöðvuð.

Ósonlagið var ekki götótt þegar Oscar Wilde benti á að tískan er svo ógeðsleg að við þurfum að breyta henni á sex mánaða fresti. Hún getur því aldrei orðið sjálfbær.

Skýtur samt svolítið skökku við að þeir sem helst vilja halda áfram að kynda undir hnettinum eru blæbrigðalausir jakkafatakarlar sem kunna jafnvel ekki að hnýta á sig bindi án þess að það verði þeim fjötur um fót.

Samviska mín er ekki hvítþvegin í þessum efnum en ég hugga mig þó við að ég kaupi mér ekki föt nema í algerri neyð. Þarf til dæmis að fara að kaupa mér nýja gallabuxur þar sem það er farið að sjást í aðra rasskinnina eftir sjö ár.

Stoltastur er ég samt af svarta Perfecto-leðurjakkanum mínum sem hefur haldið á mér hita og varið sjálfsmynd mína í 30 ár! Einhver kolefnisjafnaðasta flík sem sögur fara af og hann gaf sko ekki líf sitt til einskis tuddinn sem lagði til í hann leðrið.

Sniðið er rúmlega 100 ára sem gerir hann auðvitað klassískan. Enda einkennisbúningur uppreisnarfólks og töffara í rúm 50 ár. Allt frá Marlon Brando til Kate Moss.

Fólk sem passar í sömu flíkurnar árum saman neyðist til að hreyfa sig og gæta hófs í mat og drykk þannig að það er hollt, umhverfisvænt og göfugt að hafna tískunni.

Og í tilfelli Perfecto fyrst og fremst töff enda hentugt að hafa uppreisnarandann saumaðan í fóðrið þegar alvöru lífsstílsbylting er úrslitakosturinn.








25 ÁRA AFMÆLISDÝNA BETRA BAKS






SERTA SINFONIA
VÖNDUÐ Á JÓLAVERÐI

| STÆRÐ | FULLT VERÐ STÖK DÝNA | JÓLAVERÐ MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM |
|---|---|---|
| 120x200 cm | 89.900 kr. | 127.900 kr. |
| 140x200 cm | 99.900 kr. | 139.900 kr. |
| 160x200 cm | 109.000 kr. | 159.900 kr. |
| 180x200 cm | 119.000 kr. | 179.900 kr. |
| 180x210 cm | 129.900 kr. | 199.900 kr. |
| 192x203 cm | 134.900 kr. | 203.900 kr. |

Serta® STÆRSTI DÝNUFRAMLEIÐANDI VERALDAR

Sinfonia

**Í tilefni 25 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS höfum við í náinni samvinnu við sérfræðinga SERTA, stærsta dýnuframleiðanda veraldar, sérhannað og framleitt Sinfoniu, einstaka heilsudýnu fyrir viðskiptavini sem kjósa gæði og gott verð.**

SINFONIA er einstaklega þægileg dýna með 7 hægindalögum. Lögin eru samsett úr hágæða svampi og lagi úr náttúrulegu Talalay-latexi sem saman gefa mýkt og stuðning á réttum svæðum. Sinfonia er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi og stýrist hreyfing gormanna af mismunandi þunga líkamssvæða. Þannig veitir dýnan alltaf hárréttan stuðning. Gormakerfið er mýkra á axlasvæðum og við mjóbak til að halda réttri sveigju á líkamanum alla nóttina. Steyptar kantstyrkingar gefa þér um 25% meira svefnrými og eykur það endingu dýnunnar. Áklæðið utan um dýnuna er úr 100% bómull og andar einstaklega vel.

BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRA nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri, ljósri, blárri, bleikri eða rauðri merínóull. **Komdu og prófaðu!**

5 zones reflex

BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG ÚR LEÐRI

7.900 kr.




VINSÆL JÓLAGJÖF






**FAXAFENI 5** Reykjavík 588 8477 **DALSBRAUT 1** Akureyri 588 1100 **SKEIÐI 1** Ísafirði 456 4566 **AFGREIÐSLUTÍMI** Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK